

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Gull á CenterHotel Klöpp

27.-29. mars
Skoðið nánar bls. 13



GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

26. janúar 2012
72. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt retriðólöngun Capacent Gallup júl. - september 2011



Karlar sem tæla konur

Ágúst Ólafsson syngur
tælingarsöngva á
hádegistónleikum.

tímamót 16

Nýdönsk 25 ára

Hljómsveitin Nýdönsk
heldur upp á afmælið sitt í
Eldborgarsal Hörpu.

fólk 26




Enn von um sæti á EM

Íslenska kvennalandsliðið
pakkaði Sviss saman í gær.

sport 22

veðrið í dag



HVESSIR Í DAG Horfur á vaxandi
SA-átt í dag og undir kvöld má
búast við hvassviðri eða jafnvel
stormi víða á norðvestan- og
vestanverðu landinu. Líttir til NA-
lands er líður á daginn.

VEÐUR 4

Númerum stolið af 600 bílum

Um 600 tilkynningar hafa borist um þjófnað á númeraplötum á höfuðborgarsvæðinu. Tengist oftast stuldi á eldsneyti. Kostnaður við nýjar plötur nemur 3 milljónum króna. Minnihluti eldsneytisþjófnaðar kemst upp.

LÖGREGLUMÁL Um 600 tilkynningar um þjófnað á númeraplötum bifreiða hafa borist lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu frá því að skráning slíkra mála hófst árið 2009. Hlutfall upplýstra mála er í kringum 10 til 20 prósent á ársgrundvelli, samkvæmt upplýsingum frá upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar. Oftast hefur þjófnaðurinn tengst stuldi á eldsneyti.

„Eldsneytisþjófnaðurinn hefur verið mest áberandi en dæmi eru um að stolnar númeraplötur hafi verið notaðar við önnur afbrot,“ segir Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfir lögregluþjónn.

„Lögreglan hefur áhyggjur af tíðum eldsneytisþjófnum á þeim bensinstöðvum olíufélaganna sem

5.200 krónur þarf
bíleigandi að
greiða fyrir tvær nýjar
númeraplötur.

heimila dælingu án þess að greitt sé fyrir eldsneytið áður. Þau brot tengjast mjög oft þjófnaði á skráningarkerkjum.“

Kristján Ólafur segir þau olíufélög sem um ræðir hafa dregið úr slíkri þjónustu en ekki nægjanlega að mati lögreglu. Um 30 til 40 prósent eldsneytisþjófnaðanna sem tilkynnt er um upplýsast, að sögn Kristjáns.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var eldsneyti stolið í 16

tilvikum hjá einu olíufélaganna á einni viku fyrir skemmstu. Í þeim tilvikum voru þjófarnir ýmist með stolnar númeraplötur eða á númerlausum bílum.

Hjá N1 var vandamálið orðið svo mikið að gripið var til þess ráðs á dögunum að fjarlægja af bensinstöðvum gula hnappinn sem á stöð „greitt inni“. Viðskiptavinir verða nú að biðja um að dæla verði sett í gang og greiða ýmist áður en þeir dæla eða eftir á greiði þeir ekki í sjálfsala.

Margir hafa komið á Umferðarstofu vegna kaupa á nýjum númeraplötum, samkvæmt upplýsingum starfsmanns þar. Það sem af er þessu ári hefur lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borist yfir 40

tilkynningar um slíkan þjófnað. Í fyrra bárust 170 tilkynningar, árið 2010 voru tilkynningarnar 164 en 222 árið 2009.

Hver númeraplata kostar 2.600 krónur og sé báðum númeraplötum stolið verður kostnaður bíleigandans þess vegna 5.200 krónur. Kostnaður við plötur á 600 bíla er rúmar 3,1 milljón króna.

Sævar Hreiðarsson hjá tjónadeild Tryggingamiðstöðvarinnar segir tjónið ekki bætt nema um sé að ræða enga eigin áhættu í kaskó. „Þetta er lítil upphæð og það er enginn með svo litla áhættu í kaskó.“

Að sögn Sævars getur verið um undantekningu að ræða ef skemmdir verða á bílnum þegar númeraplatan er tekin af honum. - ibs



STEINAHLAUP Þessir ferðamenn nutu sín í Reykjavík í gær þrátt fyrir rysjótt veður og sprönguðu á steinunum við Sæbrautina þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá. Þeim ferðamönnum sem heimsækja Ísland utan hefðbundins ferðamannatíma fer ört fjölgandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenska reðasafninu boðið að taka þátt í vinsælum hæfileikabætti í Þýskalandi:

Hafnaði tugmilljónum í typpin

MENNING „Hann vildi vita hvort áhugi væri á því að selja safnið og bauð yfir þrjátíu milljónir króna í það. En það kemur ekki til greina að selja, því safnið verður að vera á Íslandi,“ segir Hjörtur Sigurðsson eðurstofustjóri um þýskan auðkífing sem vildi eignast Hið íslenska reðasafn fyrir skemmstu. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hátt tilboð berst í safnið.

„Einhvern tíma var reynt að kaupa safnið til Bretlands og svo buðu Íslendingar tuttugu milljónir í það rétt áður en við fluttum suður,“ segir Hjörtur en safnið var til skamms tíma á Húsavík en flutti á Laugaveg í lok síðasta árs.

Reðursafninu var nýlega boðið að taka þátt í Supertalent, þýskri útgáfu hinna vinsælu Got talent-skemmtiþátta sem njóta vinsælda víða um heim.

„Það hringdi einhver framleiðandi og vildi fá okkur til Þýskalands í upptökur í vor. Þeir ætluðu að fá Þjóðverjann Peter Kristiansen, sem hefur heitið því að gefa safninu lim sinn í fyllingu tímans, til að mæta líka. Ég afþakkaði, enda grunar mig að þetta hafi átt að vera einhvers konar uppfyllingarefni. Hvernig er hægt að flokka það sem hæfileika að safna typpum?“ veltir Hjörtur fyrir sér.

- kg

Paratabs®
actavis

15 kr. afsláttur
af lítranum í tíunda hvert skipti sem þú dælir
25 lítrum eða meira með ÖB-lyklinum!

ms.is
NÝ BRAGÐTEGUND
JÓGÚRT með kókus
með kókus

SPURNING DAGSINS



Geiri, verður þá engin ónáttúruperla?

„Er þetta ekki allt bölvuð ónáttúra?“

Hugmyndir fjárfesta gera ráð fyrir að tvær viðbyggingar við Perluna, með heilsulind og náttúrugripasafni, muni bera nafnið Náttúruperlan. Ásgeir Þór Davíðsson, Geiri Goldfinger, var tengillur auðuga Rússa sem vildu opna spilavíti í Perlunni.

Jafnræði meðal kynjanna:

Einn af hverjum sex áreittur

NOREGUR Karlar í Noregi verða fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað í jafnmiklum mæli og konur. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar á vegum Háskólans í Bergen og ríkisstofnunar sem fer með málefni vinnu-umhverfis.

Samkvæmt rannsókninni hefur einn af hverjum sex upplifað kynferðislega áreitni í vinnunni. Rannsóknin leiddi í ljós að áreitnin veldur meiri streitu og óþægindum hjá konum en körlum.

Einn aðstandenda rannsóknarinnar segir það geta leitt til kvíða og þunglyndis hjá konunum. - **ibs**

Rannsókn á dánarorsök:

Danskar konur reykja sig í hel

HEILBRIGÐISMÁL Yfir fimmtungur dauðfalla meðal danskra kvenna árið 2004 á rætur sínar að rekja til reykninga.

Þetta sýna gögn sem American Cancer Society og World Lung Foundation hafa skoðað.

Það er aðeins á Maldíveyjum, í Bandaríkjunum og á Írlandi sem fleiri konur deyja af völdum reykninga.

Um 1970 reykti nær helmingur danskra kvenna. Yfir 40 prósent danskra kvenna reyktu þar til um 1990. Nú reykja um 24 prósent kvennanna. Í Bandaríkjunum reykja 17 prósent kvenna, að því er kemur fram á vef danska ríkisúvarpsins. - **ibs**

SJÁVARÚTVEGSMÁL

Kynna nýtt frumvarp

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ætla að kynna nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða í dag. Fundurinn verður haldinn í Víkinni – Sjóminjasafni klukkan 16.

Ólafur Ragnar Grímsson mælist með 34 prósentu fylgi fyrir komandi forsetakjör:

Þóra næst Ólafi að vinsældum

KÖNNUN Rétt riflega þriðjungur þjóðarinnar vill að Ólafur Ragnar Grímsson gegni áfram embætti forseta Íslands, ef marka má nýja könnun Capacent Gallup, sem unnin var fyrir hópin Betri valkost á Bessastaði.

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að velja á milli sitjandi forseta og nokkurra annarra sem hafa ýmist lýst yfir framboði eða verið sterklega orðaðir við forsetaframbod.

Næst Ólafi Ragnari í könnuninni kom sjónvarpskonan Þóra Arnórsdóttir, með 13,5 prósentu fylgi.



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Þóra kvaðst í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær vera að íhuga framboð, enda sýndi könnunin að stuðningurinn við hana væri nokkuð víðtækur. „Mér fyndist eiginlega, í ljósi alls þessa, hálfðónalegt að gera það ekki,“ sagði Þóra, sem sagði framboð þó síður en svo hafa verið á dagskrá hennar

Efst í könnuninni

Ólafur Ragnar Grímsson	33,9%
Þóra Arnórsdóttir	14,5%
Elín Hirst	7,8%
Salvör Nordal	7,3%
Páll Skúlason	7,0%
Stefán Jón Hafstein	6,0%
Þórólfur Árnason	5,1%
Ari Trausti Guðmundsson	5,0%

og fjölskyldunnar. „En stundum á maður kannski bara að láta lífið koma sér á óvart.“ - **sh**

Ný bandarísk rannsókn:

Talnahræðsla sést í heilanum

VÍSINDI Þeir sem svitna í lófunum og fá illt í magann þegar þeir þurfa að leysa reikningsdæmi eru ekki ímyndunarveikir.

Vísindamenn við Stanford-háskólann í Bandaríkjunum skönnuðu heila 46 barna á aldrinum sjö til níu ára á meðan þau leystu reikningsdæmi. Í heila þeirra sem voru hrædd við verkefnið sást aukin virkni í þeim hluta sem bregst við aðstæðum sem valda ótta. Virkni í þeim hluta sem hefur með úrvinnslu talna að gera minnkaði samtímis. - **ibs**

Vilja völl til að byggja upp rugby-íþróttina

Samtökin Rugby Ísland, sem fengu reynsluáætlun að Rugbysambandi Evrópu í desember, hafa farið þess á leit við ÍTR að fá úthlutað svæði fyrir heimavöll og þjónustusvæði. Um fimmtíu eru skráðir og virkir þátttakendur hér á landi.

ÍPRÓTTIR „Við erum ekki að biðja um peninga heldur einungis svæði til að vinna með. Það er algjört lykilatriði að fá slíku svæði úthlutað, því þá skapast möguleiki til að sækja um styrki til Alþjóða rugbysambandsins, Rugbysambands Evrópu og víðar. Við fáum ekki styrki til að byggja upp aðstöðu ef við höfum ekki svæði til að byggja aðstöðu á,“ segir Kristinn Þór Sigurjónsson, formaður Rugby Ísland, félagsamtaka sem hafa það að markmiði að byggja upp rugby-íþróttina á Íslandi með ýmsum hætti.

Samtökin hafa meðal annars á stefnuskránni að kynna íþróttina í skólum og íþróttafélögum, auk þess að styðja við íslensk rugbylið og halda mót.

Rugby Ísland hefur farið þess á leit við Íþrótta- og tólmstundaráð Reykjavíkur (ÍTR) að samtökunum verði fundið landsvæði þar sem mögulegt verði að byggja rugbyvöll og þjónustusvæði umhverfis hann. Um fimmtíu manns eru skráðir og virkir þátttakendur í íþróttinni hér á landi í tveimur félögum, Rugbyfélagi Reykjavíkur og Rugbyfélagi Kópavogs. Æfingar á íþróttinni hérlandis má rekja til ársins 2009 og hingað til hafa iðkendur æft og keppt á knattspyrnusvæði Vals að Hlíðarenda.

Í desember síðastliðnum var umsókn Rugby Íslands um reynsluáætlun að Rugbysambandi Evrópu samþykkt og segir Kristinn Þór næsta skref að taka þátt í mótum á þeirra vegum. Í þeirri viðleitni sé lyklatríði að búa yfir löglegum heimavelli til að taka á móti erlendum liðum.

„Við höfum kannað málið og sjáum mörg svæði í borginni sem



RUGBY Kristinn Þór Sigurjónsson, formaður Rugby Ísland, telur þetta svæði við Suðurlandsbraut eitt af mörgum sem gætu hentað vel fyrir rugby-völl og aðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við höfum kannað málið og sjáum mörg svæði í borginni sem nýta mætti undir slíka aðstöðu, til að mynda í Gufunesi, Mjóddinni og við Suðurlandsbraut.

KRISTINN ÞÓR SIGURJÓNSSON
FORMAÐUR RUGBY ÍSLAND

nýta mætti undir slíka aðstöðu, til að mynda í Gufunesi, Mjóddinni og við Suðurlandsbraut. Við höfum fundað með forsvarsmönnum ÍTR og víðtökurnar voru góðar við erindi okkar. Við munum fundað aftur fljótlega og vonandi fara þessi

mál þá á skrið,“ segir Kristinn.

Hann bætir við að Ísland komi ekki til með að keppa á Evrópumóti í ár, en ef úrlausn fáið með svæði fyrir heimavöll kæmi vel til greina að skrá sig til leiks á næsta ári.

kjartan@frettabladid.is



AFGANAR REIÐIR Aldraður Afgani krýpur við hlið eins af fórnarlömbum Bales. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Milljónir vegna fjöldamorðs:

Ættingjarnir fá greiddar bætur

AFGANISTAN, AP Bandaríkjustjórn hefur greitt fjölskyldu fórnarlamba hermanna Roberts Bales skaðabætur. Fjölskyldur þeirra sem létust frá jafnvirði um 6,3 milljóna króna og þeirra sem særðust um 1,4 milljónir.

Bales hefur verið ákærður fyrir að myrða sautján óbreytta, afganska borgara í Kandahar-héraði fyrr í mánuðinum. Hann gæti átt dauðarefningu yfir höfði sér verði hann fundinn sekur. Flogið verður með sjónarvotta að árásinni verður flogið til Bandaríkja til að bera vitni við réttarhöldin.

Bæturnar, sem fjölskyldunum var sagt að væru frá forsetanum Barack Obama, þykja óvenjuhár og til marks um að Bandaríkjustjórn sé mikið í mun að friðmælast við Afgana eftir voðaverkið. - **sh**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vopnaður flösku og hnífi

Lögregla handtók mann við veitingastað á Laugaveginum skömmu eftir miðnætti aðfaranóttunnar. Maðurinn er talinn hafa slegið annan með flösku og mundað hníf. Í ljós kom að hann hafði á sér töluvert magn íkniefna. Hann var vistaður í fangaklefa.

Axarræningja leitað

Lögregla fékk tilkynningu um rán í Kópavogi á laugardagskvöld. Þar hafði verið ráðist á ungun manni, honum hótad með öxi og hann rændur. Málið var enn í rannsókn og gær og lögregla leitaði sökudólganna.

Endurgreidd olíusamráðs sekt rynni til fyrrverandi starfsfólks og góðgerðarmála:

Ríkið skuldar Ólafi Ólafssyni

DÓMSMÁL Ríkið þarf að greiða Kjalari, félagi athafnamannsins Ólafs Ólafsson, 495 milljónir króna ef Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í olíusamráðsmálinu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að vegna ágalla á málsmeðferð bæri ríkinu að endurgreiða olíufélögunum þremur samtals eins og hálf milljarðs króna sektir sem samkeppnisyfirlög höfðu lagt á þau vegna samráðsins, sem stóð frá 1993 til 2001.

Skeljungur greiddi 450 milljónir í sekt, Olís 560 og Esso 495 milljónir. Sektir Skeljungs og Olíss verða endurgreiddar aftur til sömu félaga ef til þess kemur en Esso hefur hins vegar skipt um hendur síðan sektin var greidd og heitir í dag N1. Gamla móðurfélag Esso, Ker hf., sem í dag er í eigu Kjalars, fengi hins vegar sektina endurgreidda en ekki N1.

Í október í fyrra gerði Arion banki samkomulag við Ólaf Ólafsson um að hann héldi Kjalari og að skuldir félagsins yrðu færðar niður gegn því að Arion banki fengi þriðjungshlut þess í HB Granda. Haft var eftir Heimi Sigurðssyni, eina stjórnar-



EIGANDI KRÖFUNNAR Ólafur Ólafsson á kröfuna vegna sektargreiðslu Esso í gegnum félagin Kjalari og Ker. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

manni Kers, á Stöð 2 í gær að fá Ker peningana endurgreidda verði þeir notaðir til að greiða lífeyris-skuldbindingar við fyrrverandi starfsmenn Esso og afgangurinn, ef einhver yrði, rynni til góðgerðarmála. - **sh**

Einstök
heyrnartæki á
frábæru verði



ÓKEYPIS
HEYRNAR-
MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Windows Phone

Nokia Lumia 800
89.990 kr. stgr.

5.690 kr. í 18 mán.
 1.000 kr. notkun á mán.
 í 12 mán. fylgir!



Nokia Lumia 710
59.990 kr. stgr.

5.490 kr. í 12 mán.
 500 kr. notkun á mán.
 í 12 mán. fylgir!

NOKIA LUMIA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
 þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,78	126,38
Sterlingspund	199,50	200,46
Evra	166,57	167,51
Dönsk króna	22,399	22,531
Norsk króna	21,811	21,939
Sænsk króna	18,649	18,759
Japanskt jen	1,5206	1,5294

SDR	193,94	195,10
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,2156

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



UMSETIN GLÆPAGENGI Danska lög-reglan hefur herjað á vélhjólaklíkkur með góðum árangri að undanfögnu.

Átak dönsku lögreglunnar: 111 „rokkarar“ dæmdir í fyrra

DANMÖRK Alls hlutu 111 meðlimir í vélhjólaklíkkum, oft kallaðir „rokkarar“, dóma fyrir glæpi á síðasta ári. Það er mikil aukning frá síðustu misserum, en alls voru 93 úr þessum hópum dæmdir á árunum 2009 og 2010.

Átak sérsveitar lögreglunnar í Kaupmannahöfn, sem sérhæfir sig í baráttunni gegn skipulögðum glæpum hefur náð miklum árangri. Á blaðamannafundi í gær kom fram að í ár hefur lög-regla síður en svo slegið slöku við. Fjölmargir rokkarar hafa verið handteknir að undanfögnu og bíða dóms.

FRAMKVÆMDIR

Ný blokk í Garðabæ

Félagið Kristjánssýnir ehf. hefur fengið leyfi bæjaryfirvalda í Garðabæ til að byggja nýtt fjölbýlishús með 32 íbúðum við Kirkjulund 12-14.

PINGEYJARVEIT

Hættir sem sveitarstjóri

Tryggvi Harðarson óskaði eftir lausn frá embætti sveitarstjóra í Pingeysjar-veit á fimmtudag. Hann lætur af störfum af persónulegum ástæðum og Dagbjört Jónsdóttir tekur við starfi sveitarstjóra.

Tekið verður á skilgreiningu mismunandi tóbaksflokka í nýju frumvarpi velferðarráðherra:

Aðgreining á nef- og munntóbaki liggur fyrir í haust

NEYTENDAMÁL Aðgreining á nef- og munntóbaki mun ekki liggja fyrir fyrr en í haust. Þá er áætlað að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Meðal þeirra atriða sem tekið verður á í frumvarpinu er skilgreining á nef- og munntóbaki, að því er Margrét Erlendsdóttir, upplýsinga-fulltrúi velferðarráðuneytisins, greinir frá.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, hætti í byrjun árs innkaupum á reyklauða tóbakinu Lunda sem Rolf Johansen & Co. (RJC) hóf innflutning á síðastliðið haust, en selur áfram íslenskt neftóbak. ÁTVR benti á að skilgrein-

ingar varðandi nef- og munntóbak væru óljósar og óskaði eftir afstöðu velferðarráðuneytisins. „Með hefðbundinni könnun á tíðni reykinga, sem nú er verið að gera á vegum Landlæknisembættisins í samstarfi við ÁTVR, á meðal annars að ná góðri heildarmynd af annarri tóbaksnotkun en reykingum, að sögn Viðars Jenssonar sem vinnur að tóbaksvörnum hjá embættinu.

Upplýsingafultrúi velferðarráðuneytisins segir að aðgreining á munntóbaki muni meðal annars byggja á niðurstöðum þessarar könnunar.

ÁTVR seldi í fyrra 30,2 tonn af neftóbaki. - ibs



REYKLAUSTÓBAK Hefðbundið íslenskt neftóbak og innflutta tóbakið Lundi.

Hóta að eyðileggja vefsíður fyrirtækja

Tölvuprjótur finna sífellt nýjar leiðir til að kúga fé út úr netnotendum. Reyna að kúga fé út úr fyrirtækjum og einstaklingum með aðferðum sem minna á maffuna. Fölsk öryggisforrit á netinu áberandi núna segir veirusérfræðingur.

TÆKNI Tölvuprjótur beita nú í auknum mæli hótunum og blekkingum til að kúga peninga út úr fyrirtækjum og einstaklingum á netinu. Fyrirtækjum er hótad að vefsíður þeirra verði eyðilagðar greiði þau ekki verndargjald.

Tölvuprjótarnir beita ýmsum aðferðum til að fá peninga út úr einstaklingum og fyrirtækjum með hótunum, að því er fram kemur í nýjasta eintaki Vírsins, fréttabréfi Deloitte um upplýsingaöryggi.


Fyrirtækjum með vefsíður senda þeir hótunarbref. Þar hótast þjótarnir að eyðileggja vefsíðu fyrirtækisins greiði það þeim ekki einhvers konar verndargjald. Jafnvel er gerð skammvinn álagsárás á netsíðuna til að leggja hana á hliðina, og fyrirtækinu svo boðin „vernd“ gegn slíkum árásum, sem minnir á aðferðir skipulagðra glæpasamtaka.

Fríðrik Skúlason veirusérfræðingur segir að þetta sé vinsælt aðferð hjá tölvuglæpamönnum um þessar mundir. Hann hefur þó ekki heyrt af því að slíkar tilraunir hafi beinst gegn íslenskum fyrirtækjum.

„En ég held reyndar að þeir sem verða fyrir þessu séu ekki að láta það fara mjög hátt,“ segir Fríðrik.

Annars konar hótanir beinast að einstaklingum. Í því tilviki er um að ræða tölvuóværu sem tekur yfir stjórn tölvunnar og birtir kröfu um greiðslu á skjánum.

Í Finnlandi eru dæmi um að í textanum segi að viðkomandi hafi orðið uppvis að því að fara inn á vafasamar vefsíður, til dæmis þar sem sjáist kynferðislegt ofbeldi



PRJÓTAR Tölvuprjótur finna sífellt upp nýjar leiðir til að græða á netnotendum.

Prjótur nýta sér áhuga á tölvuöryggi

Góður árangur þeirra sem berjast gegn tölvuvírusum hefur leitt til þess að fólk er almennt mjög meðvitað um að verja tölvur sínar gegn ýmiss konar óværu, segir Fríðrik Skúlason veirusérfræðingur. Tölvuprjótur hafa hins vegar nýtt sér árveknina með því að þykjast bjóða upp á vírusvörn á vefsíðum.

Alengt er að netnotendum sé boðið að skanna harða diskinn í tölvunum sínum í gegnum vefsíðurnar. Þjótarnir koma því hins vegar þannig fyrir að forritið segist finna einhvern fjölda af vírusum. Í framhaldinu er yfirleitt boðið upp á ókeypis hreinsun, sem dugir hins vegar ekki til að hreinsa tölvuna algerlega. Þá er bent á að hægt sé að kaupa betri vírushreinsun fyrir lága upphæð. Sé það gert þykist forritið finna síðasta vírusinn, en þar sem um hreint svindl er að ræða er alls óvíst að virus hafi verið í tölvunni og notandinn hefur verið plataður til að borga peninga fyrir ekki neitt.

gegn börnum. Viðkomandi er svo sagt að lögreglan hafi læst tölvunni vegna þessa, en henni verði aflæst greiði viðkomandi „sekt“ í gegnum vefinn.

Í öðrum tilvikum er viðkomandi bent á að hringja í ákveðið símanúmer. Það númer er hins vegar yfirleitt svokallað 900-númer í Austur-Evröndu og getur símtalið því kostað háar upphæðir.

Fríðrik segir að slík óværa berist til landsins, en enginn hafi komið með smitaða tölvu til hans hingað til.

„Ein besta vörnin við þessu, fyrir utan heilbrigða skynsemi og vírusvarnarforrit, er að vera með gott afrit af harða disknum,“ segir Fríðrik. Það hjálpi líka þegar tölvunni er stolið eða ef harði diskurinn hrynur.

Forsætisráðherra laug:

Þaði fé að gjöf og harðneitaði

ÍRLAND, AP Bertie Ahern, fyrrverandi forsætisráðherra Írlands, þáði að minnsta kosti 209 þúsund evrur, jafnvirði ríflega 30 milljóna króna, að gjöf meðan hann gegndi embætti fjármálaráðherra fyrir síðustu aldamót.



BERTIE AHERN

Hann gaf þetta fé hvergi upp og laug ítrekað fyrir dómi.

Þetta er niðurstaða þriggja dómara, sem hafa rannsakað málið. Þeir töldu þó ekki sannað að hinir örlátu gefendur hefðu hlotið nokkurn greiða eða ívilnanir í staðinn frá forsætisráðherranum.

Íbúasamtök ósatt við leyfi: Svalir á Prikinu valda ónæði

SKIPULAGSMÁL Stjórn Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur er óánægð með að byggingarfulltrúi hafi nú gefið út leyfi fyrir svölum og sorppgerði sem komið var fyrir í lokuðu porti veitingahússins Prikins í Bankastræti fyrir nokkrum árum. Það sé gert þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir um hávaða að næturlagi.

„Notkun svala þessara að nóttu hefur falist í að rekstrar-aðili veitingahússins heimilar þar neyslu áfengra drykkja auk reykinga. Slík notkun er skýlaust brot á lögum, reglugerðum og samþykktum um áfengisveitingar,“ segir stjórn samtakanna sem einnig gerir athugasemd við að ekki hafi verið „leitað lögboðins álitis húsafriðunar-nefndar“.

SIEMENS

Tækifæri

Þvottavél WM 14A163DN

Einstaklega góð kaup.

Tekur mest 5,5 kg, vindur upp í 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+.

Íslenskt stjórnborð.

Tækifærisverð:
89.900 kr. stgr. (Fullt verð: 109.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HÆGT KÓLNANDI Í dag og á morgun má búast við tveggja stafa hitatölum þar sem hlýjast verður en útlit er fyrir hægt kólnandi veður út vikuna. Suðlæggar áttir verða ríkjandi með heldur vætusömu veðri S- og V-tíl en á morgun gæti sú gula látið sjá sig austanlands.

Á MORGUN 10-15 m/s N-tíl, annars hægari vindur.

MÍÐVIKUDAGUR Víða fremur hægur vindur.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	20°
Berlín	16°
Billund	16°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	15°
Mallorca	20°
New York	13°
Orlando	28°
Ósló	16°
París	20°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris.

Hannaður með framtíðina í huga.



NÝR YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.91 á 100 km í blönduðum akstri auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 2.670.000 kr.



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Hefur þú notað spjaldtölvu?

JÁ	28,9%
NEI	71,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að ferðast um páskana?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Tvö ár eru liðin frá því að Alþingi samþykkti bann við nektardansi hér á landi:

Vill nektardanslaus Norðurlönd

SAMFÉLAGSMÁL Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, mun leggja fram tillögu um að öll Norðurlöndin taki upp svipaða löggjöf og Ísland í nektardansmálum. Þetta mun hún gera á Norðurlandaráðsþingi í haust. Tvö ár voru á föstudag liðin frá því að nektardans var bannaður á Íslandi.

„Ísland tók mjög stórt og djarft skref þegar við samþykktum í þinginu bann við nektardansi. Þetta vakti mikla athygli bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu,“ segir Siv. Hún hefur kynnt tillöguna fyrir miðjumönnum í Norðurlandaráði, sem hún er í forsvari fyrir. Þegar hafa einhverjir þeirra lýst yfir áhuga á að leggja fram tillöguna með henni.

„Bannið hefur virkað vel. Það er ekki lítið á það sem eðlilegan hlut hér að hafa slíka staði. Þannig er það því miður víða annars staðar og ég tel að með



“Bannið hefur virkað vel. Það er ekki lítið á það sem eðlilegan hlut hér að hafa slíka staði.”

SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR
ÞINGKONA

því að flytja svona tillögu á norrænum vettvangi aukist líkurnar á því að þau fylgi í kjölfarið.“

Hún mun leggja til að önnur norræn ríki taki upp sömu eða svipaða löggjöf, og að fræðsla verði aukin í þessum málum.

Tannheilsa íslenskra barna:

Brýnt að bæta heilsu barna

HEILBRIGÐISMÁL Tannheilsa íslenskra barna er í sjötta neðsta sæti af OECD-löndunum. Dæmi eru um að börn hér á landi hafi ekki farið til tannlæknis svo árum skiptir.

Barnaheill standa fyrir málþingi um tannheilsu barna í dag. Samtökin hafa einnig hafið söfnun undirskrifta á netinu til að skora á alla hlutaðeigandi að grípa til aðgerða.

Málþingið verður haldið á Grand Hótel í Reykjavík og hefst klukkan nýu.

Hádegistónleikar
Í HAFNARFJARÐARKIRKJU
ÞRIÐJUDAGINN 27. MARS KL. 12.15-12.45

Kjartan Sigurjónsson, fyrrum formaður FÍO og organisti Digraneskirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar verk eftir Sweelinck, Gabrieli, J. S. Bach, Clerambault, Rheinberger og Mendelssohn.
Kaffisopli eftir tónleika.

Verið velkomin – Aðgangur ókeypis.



VIÐ SKAFTAFELLSJÖKUL Formaður Samtaka ferðapjónustunnar varar við því hvað lítið er vitað um greinina og það standi vexti hennar fyrir þrifum.

Ferðapjónustan fær 0,5% af rannsóknafé

Þekkingu á ferðapjónustu á Íslandi er verulega ábótavant, er mat formanns Samtaka ferðapjónustunnar. Greinin fær brot af rannsóknafé atvinnuveganna. Iðnaður fékk sjö milljarða á sama tíma og ferðapjónustan fékk 70 milljónir.

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðapjónustan í landinu fær í sinn hlut 0,5% af opinberu rannsóknafé atvinnuveganna. Lítil þekking á ferðapjónustunni og fátæklegar grunnrannsóknir eru greininni hættulegar. Á sama tíma eru gjaldyristekjur greinarinnar árið 2011 áætlaðar um eða yfir 180 milljarðar króna.

Þetta kom fram í erindi sem Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, flutti á aðalfundi samtakanna síðastliðinn föstudag. Árni sagði að í samhengi við tekjur greinarinnar væri það fé sem rennur til rannsókna í greininni „skammarlega lítið“.

Gat hann þess þó að bætt hafi verið við fjárframlög til Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RF) og eins hafi Hagstofan fengið aukid fé til að taka saman tölfræði ferðapjónustunnar.

Þetta aukna framlag færi rannsóknafé til greinarinnar ekki upp fyrir eitt prósent af heildarfé til

rannsókna innan atvinnuveganna. „Stjórnvöld þurfa hér að taka af skarið og stokka spilin upp á nýtt, ferðapjónustan verður að njóta sannmælis á við aðrar atvinnugreinar,“ sagði Árni.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, segir að tölfræðin sem hér um ræðir sé tölur iðnaðaráðuneytisins, sem birtar voru eftir fyrirspurn á Alþingi fyrir nokkru. Hún segir dæmin fjölmörg um rannsóknir sem þarf að vinna strax, til dæmis væri gagnlegt að unnar væru markaðsgreiningar á því hvaða hópar ferðamanna það eru sem ferðapjónustan á að reyna að ná til.

„Til hvaða viðskiptavina eigum við að höfða fyrir þessa eða hina vöruna sem við höfum að bjóða,“ segir Erna og bætir því við að í landinu sé nóg af fólki með sérþekkingu til að vinna að þessum rannsóknum.

Í gögnum sem Ferðamálastofa

hefur unnið, og voru notuð við gerð ferðamálaáætlunar fyrir árin 2011–2020, koma sömu tölur fram. Til rannsókna í iðnaði árið 2007 fóru tæp 55% af heildarframlögum hins opinbera til atvinnuvegarannsókna. Til rannsókna í fiskveiðum og landbúnaði fóru 34,9% framlaga. Alls voru rannsóknir í þessum greinum styrktar fyrir um 11,2 milljarða króna. Rannsóknir á orkuframléiðslu og dreifingu fengu 1,3 milljarða eða tæp 10% af því rannsóknafé sem var í boði. Ferðapjónustan fékk 0,5% eða um 70 milljónir króna og hafði þá bætt við sig 0,1% frá árinu 2005.

Í erindi Árna kom fram að tekjur ferðapjónustunnar eru um fimmtungur af heildargjaldyristekjum þjóðarinnar. Árið 2009 voru gjaldyristekjurnar um 158 milljarðar króna en í fyrra eru þær taldar hafa numið um 180 milljörðum króna.

svavar@frettabladid.is

GRÆNLAND
Ílulissat
Nuuk
Kulusuk
Íttoqqortoormiit
Narsarsuaq
Reykjavík

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is

ELDRI BORGARA FERÐIR

um fornar byggðir á Suður-Grænlandi.

Ævintýraferð um Suður-Grænland, 9. - 12. júlí 2012

Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is og hjá Emil Guðmundssyni í síma 898 9776 eða emil@flugfelag.is, einnig má senda tölvupóst á hopadeild@flugfelag.is

GLÆSILEGUR VEISLUSALUR!

Náttúruparadís í hjarta borgarinnar

Fundur og ráðstefnur
Veislusalurinn er vel tækjum búinn og er því tilvalinn fyrir hvers kyns ráðstefnur og fundi, stóra sem smáa. Í salnum er meðal annars hágæða hljóðkerfi, skjávarpi, flettitafla og púlt. Starfsfólk okkar veitir þér ráðgjöf varðandi veitingar og annað sem huga þarf á.

NAUÞHÓLL
www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | sími 599 6660

Gjaldkeri breska Íhaldsflokksins leiddur í gildru blaðamanna og segir af sér:

Falbauð fundi með ráðherrum

LONDON, AP Peter Cruddas, einn af gjaldkerum breska íhaldsflokksins, hefur sagt af sér eftir að blaðamenn Sunday Times komu upp um tilraunir hans til að selja auðmönnum aðgengi að David Cameron og George Osbourne, forsætis- og fjármálaráðherrum landsins.

Blaðamennirnir þóttust vera fulltrúar fjárfestingarsjóds, komu á fundi með Cruddas og tóku upp samtalið. Á upptökunni má heyra gjaldkerann bjóða þeim fundi með Cameron og Osbourne gegn ríflegum framlögum til flokksins, jafnvirði hátt í fimmtíu milljóna króna.

Hann sagði að á slíkum fundum gætu þeir komið athugasemdom á framfæri og þær yrðu hafðar til hliðsjónar við stefnumótunarvinnu ráðherranna.

Þegar Cruddas tilkynnti um afsögn sína á laugardagskvöld sagði hann að honum hefðu orðið á mistök og að orð hans endurspegluðu ekki fjárflyunarleiðir flokksins. Ekki væri hægt að kaupa sér fundi með ráðherrum og því síður að hafa áhrif á stefnuna.

„Það sem gerðist er algjörlega óásættanlegt. Svona öflum við ekki fjár í Íhaldsflokknum,“ sagði David Cameron, og boðaði innanhúsrannsókn á málinu.



TIL SÖLU? David Cameron hafnar því alfarið að hægt sé að kaupa sér aðgang að stefnumótunarvinnu Íhaldsflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI GRAND VITARA



Way of Life!



Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár

Traustur ferðafélagi

SUZUKI Grand Vitara. Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.

Grand Vitara Premium+
2,4L 169 hö, beinskiptur kr. 5.350 þús.
2,4L 169 hö, sjálfskiptur kr. 5.650 þús.

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



**TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvernig safn verður í Perlunni ef hugmyndir þeirra sem áttu hæsta boð í húsið ná fram að ganga?
2. Hverjir urður deildarmeistarar í handbolta karla?
3. Hver stendur fyrir húðflúrshátíð í Færeyjum?

SVÖR

1. Náttúrugrafsafn 2. Haukar 3. Fjölnir
Gelt Bragason

Sameiningar í Stjórnarráði:

Ráðuneytum fækkar í átta

STJÓRNSÝSLA Lokaskrefið til endurskipulagningar ráðuneyta verður tekið í september þegar þrjú ráðuneyti verða til með sameiningum sex. Þá mun ráðuneytum hafa fækkað úr tólf í átta.

Samkvæmt tillögu ráðherra-nefndar, sem samþykkt hefur verið í ríkisstjórn, verður til nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og loks fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Tillagan er nú til umfjöllunar í þingflokki ríkisstjórnarflokka, en búist er við að breytingarnar taki gildi í september. - bj

FRAMKVÆMDIR

Vilja byggja módelflugbraut

Flugmódeldeild Þyts vill fá leyfi frá Kópavogsbæ til að gera eitt hundrað metra langa flugbraut fyrir módelflug þvert á núverandi flugbraut vestan Bláfjallavegar. Skipulagsnefnd Kópavogs hefur meðal annars óskað eftir umsögn Flugmálastjórnar vegna málsins.

Málstofa á vegum Alþjóðamálastofnunar HÍ og norska sendiráðsins: Þriðjudaginn 27. mars, kl. 12-13.30 í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhliðunnar.



EES-samningurinn Innan eða utan Evrópusambandsins?

Síðastliðin 20 ár hafa Ísland og Noregur hagað þátttöku sinni í Evrópusamrunum á sama hátt, þ.e. með aðild að EES-samningnum og Schengen-samstarfinu, og með annars konar samningum við Evrópusambandið.

Í janúar síðastliðnum kynnti norska endurskoðunarnefndin um EES samninginn skýrslu sína sem greinir áhrif samningsins á Noreg og hvernig hann hefur þróast á þessu tímabili. **Fredrik Sejersted**, prófessor og formaður EES-endurskoðunarnefndarinnar og **Ulf Sverdrup**, prófessor og framkvæmdastjóri nefndarinnar, kynna meginniðurstöður skýrslunnar.



Fredrik Sejersted Ulf Sverdrup



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI



Afkoma Eimskips árið 2011:

Hagnaður Eimskips svipaður

VIÐSKIPTI Eimskip hagnaðist um 2,1 milljarð króna á árinu 2011. Til samanburðar var hagnaður félagsins 2 milljarðar árið 2010. Þá jókst rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) úr 6,2 milljörðum í fyrra í 7 milljarða.

Heildareignir félagsins í lok árs voru 45 milljarðar króna en þar af voru 62,3% eigið fé. Hækkaði eiginjárhlutfallið um 5,3 prósentustig milli ára. Þá voru vaxtaberandi skuldir 9,8 milljarðar um áramótin og höfðu lækkað um 1,2 milljarða á árinu.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, segir að rekstrarárangur síðasta árs muni auðvelda fyrirtækinu að leggja í nauðsynlegar fjárfestingar við endurnýjun á skipastól félagsins, gámum og öðrum tækjum. - mpi




GYLFI SIGFÚSSON

fram á fjárnám hjá flokksfélaginu sem reyndist árangurslaust. Einar hafði þá þrjár vikur til að krefjast gjaldprotaskipta en það hefur hann ekki gert. „Ætli ég láti þetta ekki bara fara í þennan farveg og safna vöxtum á meðan,“ segir Einar og vísar til meðferðarinnar fyrir Hæstarétti.

Reynt var að ná samkomulagi um skuldina en það bar ekki árangur. „Það skilaði engu, ekki frekar en fyrri daginn,“ segir Einar. „Við buðum þeim ákveðna upphæð og þeir höfnuðu því og vildu fara með þetta fyrir Hæstarétt.“ - sh

Fjöldi þátttakenda í borgaralegri fermingu frá byrjun



Sífelld fleiri börn vilja fermast borgaralega

214 börn ætla að fermast borgaralega í ár og er það mesti fjöldi frá upphafi. Formaður Siðmenntar veit ekki hvers vegna börnunum fjölga milli ára. Formaður Prestafélagsins undrast að börnin séu ekki fleiri en raun ber vitni.

TRÚMÁL „Börnunum hefur fjölgað gífurlega hratt á síðustu fimm árum,“ segir Hope Knútsson, formaður Siðmenntar. „Við vitum ekki hvers vegna þetta gerist svona hratt, við erum ekki að gera neitt öðruvísi. Þetta verður sennilega bara þekktara með árunum.“

Í ár munu 214 börn fermast borgaralega á Íslandi og eru það nær helmingi fleiri en árið 2007, þegar þau voru 109 talsins. Siðmennt, félag siðrænna humanista á Íslandi, hefur staðið fyrir borgaralegum fermingum frá því árið 1989, þegar 16 börn tóku þátt. Gjald fyrir fermingarfræðslu og athöfnina sjálfa er 34 þúsund krónur.

Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður Prestafélags Íslands, segir það koma sér verulega á óvart að þau börn sem kjósi að fermast borgaralega séu ekki fleiri en raun ber vitni.



HOPE KNÚTSSON
GUÐBJÖRG
JÓHANNESSDÓTTIR

„Miðað við þá umfjöllun sem hefur verið mætti skilja að það væru fleiri þúsund börn að fermast borgaralega á hverju ári,“ segir Guðbjörg. „Og að fækkunin hjá þjóðkirkjunni væri því að sama skapi mun meiri.“

874 skráðu sig úr þjóðkirkjunni á síðustu þremur mánuðum síðasta árs. Guðbjörg telur þó ekki að það endurspeglir á nokkurn hátt fjölda

Hætta fyrir fólk sem býr eitt: Auknar líkur á að fá þunglyndi

HEILSA Fólk sem býr eitt er allt að 80 prósentum líklegra til að finna fyrir þunglyndisáhrifum en þeir sem búa með fjölskyldu samkvæmt niðurstöðum finnskrar rannsóknar. Um það bil þriðji hver Vesturlandabúi býr einn.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar, sem fjallað er um á vef BBC, getur það að búa með öðrum aukni andlegan stuðning og dregið úr einangrun.

Enginn munur var á tíðni þunglyndis milli karla og kvenna sem bjuggu ein. - bj



FRAMSKÖRNARFLOKKURINN Annað árangurslaust fjárnám var gert hjá Framskórnarflokki í janúar vegna auglýsingaskuldar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögum var breytt til að hindra að fyrirtæki væru til rannsóknar á tveimur stöðum:

Fleiri sektir verða vart niðurfelldar

SAMKEPPNISMÁL Búið er að girða fyrir að mál sem varða brot á samkeppnislögum hljóti sömu örlög og olíusamráðsmálið hlaut fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudag. Þar var felldur dómur um að íslenska ríkinu beri að endurgreiða olíufélögunum Esso (Ker hf.), Olís og Skeljungu sektargreiðslur vegna samkeppnisbrota upp á samtals 1,5 milljarða króna.

Fram kemur í dómnum að gerðar hafi verið breytingar á samkeppnislögum árið 2007. Meðal þeirra var að refsíabyrgð fyrir-tækja var afnumin og þannig komið í veg fyrir að fyrirtæki væri til rannsóknar á tveimur stöðum. Mál fyrirtækja eru eftir lagabreytinguna eingöngu á forsjá

Samkeppniseftirlitsins en mál einstaklinga hjá lögregluvöldum. Þá má ekki nota gögn frá Samkeppniseftirlitinu í lögreglurannsókn.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá því á fimmtudag byggði á þeirri niðurstöðu að svo miklir annmarkar hefðu verið á meðferð samráðsmálsins á stjórnslustigi að fella verði úr gildi sektarúrskurðinn. Lykilatriðið í kröfu stefnenda um að úrskurðinum yrði hnekkir var að óheimilt hefði verið að rannsaka málið samtímis af hálfu samkeppnisyfirvalda og lögreglu.

Taka má fram að Samkeppniseftirlitið hyggst áfrýja dómi Héraðsdóms til Hæstaréttar. - mpi



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ Með lagabreytingu á árinu 2007 var tryggt að mál fyrirtækja er varða samkeppnisbrot verði einungis á forsjá Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

1984
Ford Bronco '78



1988
Toyota Corolla '83

1992
Volvo 240 '88



1997
Chevrolet Monte Carlo '95

2000
Nissan Primera '97



2003
VW Golf '01

2006
Mercedes-Benz E 200 '06



ER EKKI KOMINN TÍMI Á NÝJAN LYKIL?

Það er ógleymanleg stund þegar þú færð lykilinn að þínum fyrsta bíl. Flest eignumst við fleiri en einn og fleiri en tvo bíla um ævina og tilfinningin breytist aldrei. Bílarnir okkar skipa stóran sess í lífi okkar og sumum þeirra tengjumst við jafnvel tilfinningaböndum.

Lykill er nýr valkostur í bílafjármögnun og býður hagstæð kjör fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hafðu samband eða farðu á lykill.is – og nýr lykill gæti verið innan seilingar.

LYKILL

Skiptar skoðanir eru um ágæti þess að leggja gjöld á staka hópa ferðamanna:

Kallað á gjaldröku vegna skipakomu

FERÐAÐNADUR Hugmyndir eru uppi um að leggja sérstakt gjald á farþega skemmtiferðaskipa sem rynni til umbóta í umhverfismálum.

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda, segir gistináttgjald í Framkvæmdasjóð ferðamanna- staða ásamt framlögum Ferðamálastofu til úrbóta í umhverfismálum, samtals um 150 milljónir króna, hvergi nærri hrökkva til að hlúa að auðlindinni sem dregur fólk til landsins.



SÆVAR SKAPTASON

GUNNAR RAFN BIRGISSON

Á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) á fimmtudaginn benti Sævar á að í sumar

væri von á 100.000 farþegum skemmtiferðaskipa til landsins. 500 króna gjald á hvern myndi þýða um 50 milljóna króna viðbótartekjur.

Gunnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóri og eigandi Atlantik, sem sérhæfir sig í móttöku skemmtiferðaskipa, telur hins vegar hæpið að taka með þessum hætti út einn hóp ferðamanna. „Eigi að leggja á umhverfisskatta þá eiga þeir að leggjast jafnt á alla, sama hvort þeir koma til landsins með flugi eða skipum.“

Gunnar Rafn segir vert að hafa í huga að aukin skattheimta af ferðamönnum kunni að draga úr áhuga þeirra á að sækja landið heim. „Aukin skattheimta þýðir ekki endilega meiri tekjur.“

Hins vegar telur Gunnar eðlilegt að hluti skatttekna ríkisins af ferðaiðnaði renni til þess að byggja upp ferðamannastaði. Þannig mætti til dæmis með betra skipulagi og bættri aðstöðu á „gullna hringnum“ svokallaða dreifa álagi á staðina.

- óká



TRABANT Í TRJÁNUM Starfsmaður í útivistargarði skammt frá Dresden í Þýskalandi tryggir festingar fyrir gamla Trabant sem hangir þar í trjánum.

NORDICPHOTOS/AFP



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2012

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 27. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

live.is

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 10. febrúar 2012
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlunni 7, 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is



PARÍS Flestir leituðu hælís í Frakklandi á síðasta ári eða rúmlega 56 þúsund manns. Langflestum hælisleitendum er hafnað.

NORDICPHOTOS/GETTY

300 þúsund leituðu hælís í ESB-ríkjum

301 þúsund manns leituðu hælís í ríkjum ESB í fyrra. Stærstur hluti vildi hæli í Frakklandi og Þýskalandi. Flestir komu frá Afganistan. Þremur af hverjum fjórum var hafnað um stöðu flóttamanns.

SAMFÉLAGSMÁL Hælisleitendum fjölgaði í Evrópusambandsríkjum í fyrra miðað við árið áður. 301 þúsund manns leituðu hælís í fyrra en 259 þúsund árið 2010. Þetta kemur fram í tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Nú prósent hælisleitenda komu frá Afganistan, eða 28 þúsund manns. Þá komu átján þúsund frá Rússlandi, tæplega sextán þúsund frá Pakistan, rúmlega fimmtán prósent frá Írak og fjórtán þúsund frá Serbíu.

Samkvæmt mati Eurostat voru nú af hverjum tíu hælisleitendum að sækja um hæli í fyrsta sinn en einn af hverjum tíu hafði sótt um áður. Í fyrra voru teknar ákvarðanir í málum 237.400 hælisleitenda en margir þeirra hælisleitenda höfðu sótt um hæli fyrr.

Þremur af hverjum fjórum umsóknunum var hafnað, eða 178 þúsund. 29 þúsund fengu stöðu sína sem flóttamanns staðfesta og 21.400 stöðu flóttamanns með þörf fyrir viðbótarvernd. Rúmlega níu þúsund manns fengu dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.

Ríflega níutíu prósent allra hælisleitendanna komu til tíu ríkja innan ESB. Langflestir sóttu um hæli í Frakklandi og Þýskalandi, 56 og 53 þúsund manns. Þá sóttu 34 þúsund manns um hæli á

Heimland hælisleitenda

Flestir hælisleitendur koma frá þessum löndum:

Afganistan	28.000
Rússland	18.200
Pakistan	15.700
Írak	15.200
Serbía	13.900

Flestir hælisleitendur koma til þessara landa:

Frakkland	56.300
Þýskaland	53.300
Ítalía	34.100
Belgía	31.900
Svíþjóð	29.700
Bretland	26.400
Holland	14.600
Austurríki	14.400
Grikkland	9.300
Pólland	6.900

Ítalíu og 32 þúsund í Belgíu. Hælisleitendur í Svíþjóð voru tæplega þrjátíu þúsund og 26 þúsund í Bretlandi. Ríflega fjórtán þúsund hælisleitendur komu til bæði Hollands og Austurríkis í fyrra á meðan nú þúsund sóttu um hæli í Grikklandi og sjö þúsund í Póllandi.

Flestir leituðu hælís í Eistlandi, eða 65 manns. Þá leituðu 275 til Portúgal, 340 til Lettlands, 360 til Slóveníu og 490 til Slóvakíu.

thorunn@frettabladid.is



Heilbrigðar tennur: Mannréttindi eða forréttindi?

Málþing Barnaheilla – Save the Children um tannheilsu íslenskra barna miðvikudaginn 28. mars nk. kl. 9 - 11 á Grand hóteli, Reykjavík

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á besta mögulega heilsufari sem hægt er að tryggja, svo sem með læknaaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Í dag er tannheilsa íslenskra barna í sjötta neðsta sæti af OECD-löndunum. Til eru dæmi um börn sem ekki hafa farið til tannlæknis svo árum skiptir. **Eru heilbrigðar tennur barna mannréttindi eða forréttindi?**

Frummælendur:

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðgjafi

Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands

Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir og verkefnisstjóri hjá embætti landlæknis

Inga B. Árnadóttir, tannlæknir og prófessor við tannlæknadeild Háskóla Íslands

Á málþinginu verða einnig sýnd stutt myndbönd sem nemendur í Snælandsskóla hafa unnið um málefnið - Pallborðsumræður.


Fundarstjóri er Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.

Málþingið er öllum opið en óskað er eftir skráningu á barnaheill@barnaheill.is fyrir kl. 12:00 27. mars nk.



Barnaheill
Save the Children Iceland

Íslenskt grænmeti styður Mottumars í verki



islenskt.is

Íslenskt grænmeti er stoltur styrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.



Er ekki jafnréttisbaráttan samvinnuverkefni?

Karlréttindakona – kvenréttindakarl

Einhverra hluta vegna hafa ummæli Vigdísar Finnboga-dóttur, fyrrverandi forseta Íslands, í viðtali við vikublaðið Monitor valdið titringi meðal fólks sem er áhugasamt um jafnrétti kynjanna.

Einkum tvenn ummæli í viðtalinu hafa verið til umræðu. Annars vegar að Vigdís hafi talað um „öfgafemínisma“. Það gerði hún reyndar ekki, heldur spyrjandinn. Vigdís sagðist vara

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



við öllum öfgum og sagði að þær gætu eyðilagt góðan málstað. Það virðist ekki vera afstaða sem ætti að koma neinum úr jafnvægi.

Hin ummælin voru þessi: „Ég er mikil kvenréttindakona en ég er líka karlréttindakona og ég er að verða meiri og meiri karlréttindakona því ég vil hafa jafnvægi

í þessu í þjóðfélaginu. Ég vil ekki að karlar þurfi að upplifa það sem konur þurftu að upplifa áður, að konur séu orðnar það stærkar að karlar þurfi að hafa sig alla við til að viðhalda jafnrétti.“

Nú efast varla nokkur maður um að Vigdís Finnbogadóttir er einn ötulasti talsmaður kvenréttinda á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Af hverju hrekkur fólk þá í kút þegar hún talar um réttindi karla? Eru þau einhverj veginn ósamrýmanleg réttindum kvenna?

Í jafnréttisbaráttunni hallar sannarlega meira á konur en karla. Konur hafa hvorki sömu stöðu né vald og karlar. Það þýðir ekki að jafnréttissinnar eigi að horfa framhjá þeim sviðum, þar sem hallar á karlana. Þangað til á allra síðustu árum hafa karlar, sem gætu hugsað sér að helga sig börnum og heimili um lengri eða skemmri tíma, til dæmis haft til þess miklu minni réttindi og tækifæri en konur. Feður standa höllum fæti í forsjármálum. Karlar sem velja sér hefðbundin kvennastörf mæta fordómum. Ýmislegt bendir til að strákar dragist aftur úr stelpum í menntakerfinu.

Karl- og kvenréttindi eru oftast nær tvær hliðar á sama peningnum. Ef körlum er gert kleift að taka þátt í heimilisstörfum og barnauppleidi til jafns við konur, eykst jafnframt svigrúm kvenna á vinnumarkaðnum. Ef það er almennt viðurkennt að umönnun barna sé jafnt á herðum beggja kynja, breyta forsendurnar fyrir að mismuna feðrum og mæðrum þegar kemur að forsjá barna eftir skilnað. Ef það tekst að eyða þeim fordómum að til séu karla- og kvennastörf er fólk af báðum kynjum betur sett og getur fremur helgað sig raunverulegum hugðarefnum sínum.

Vigdís Finnbogadóttir hefur verið ötull talsmaður þess að karlar taki þátt í jafnréttisbaráttunni til jafns við konur. Slíkt er auðvitað forsenda þess að baráttan beri varanlegan árangur. Um leið er nauðsynlegt að útskýra fyrir körlum hvað þeir græði á jafnrétti kynjanna.

Jafnréttisbaráttan er ekki átök milli karla og kvenna, þótt illu heilli sé sá misskilningur stundum á kreiki. Hún er baráttu fólks af báðum kynjum gegn úreltum kynhlutverkum, fordómum og ranghugmyndum um hvað fólk kunni, vilji og geti. Karlar hafa ekki einkarétt á þeim ranghugmyndum.

Allir raunverulegir jafnréttissinnar hljóta þess vegna að vera bæði karl- og kvenréttindasinnar; karlréttindakonur, kvenréttindakarlar, öfugt og hvort tveggja. Þetta er samvinnuverkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Okkar hlutverk er að dreifa

fjölþósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing



FRÁ DEGI TIL DAGS

Spennandi

Þingmenn kvarta gjarnan yfir því að upplýsingum sé haldið frá þeim. Þetta á ekki síst við um upplýsingar úr fjármálakerfinu. Eftir hrun er bankaleynd orðin stækasta skammaryrði og sumir hafa meira að segja lagt til að hún verði afnumin. Pétur Blöndal, hinn dugmikli þingmaður Sjálfstæðisflokksins, óskaði í upphafi árs eftir upplýsingum frá bönkunum um það hverju það hefði skilað honum að láta hundrað þúsund kall liggja á ólíkum innlánsreikningum undanfarin sex ár. Þetta er spennandi pæling hjá Pétri.

Of eða van

Nú er vandamálið hins vegar ekki upplýsingaburð, heldur þvert á móti. Að eigin sögn fékk Pétur „líka súpu“ af upplýsingum frá bönkunum að hann kveðst vera að drukkna í þeim og eigi í stökustu vandræðum með úrvinnsluna. Það er vandlifað í þessum heimi.

Öryggishópurinn

Lögreglumenn fylgja nú sumum ráðherrum hvert fötmál og gæsla í kringum aðra hefur verið hert. Í því samhengi er athyglisvert að lesa nýframlagt svar for-

sætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um alla þá hópa, nefndir og ráð sem ráðherrann hefur komið á lagginn frá kosningunum 2009. Þar kemur nefnilega í ljós að 30. janúar síðastliðinn skipaði Jóhanna Sigurðardóttir, að eigin frumkvæði, starfshóp um öryggismál æðstu stjórnar ríkisins.

Í honum sitja fulltrúar forsætis-, fjármála-, utanríkis- og innanríkisráðuneytis, auk fulltrúa Ríkislögreglustjóra. Það fór býsna lágt þegar hópurinn var stofnaður og óljóst er um tefnið, en vinnan virðist þegar hafa borið ávöxt.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Glerhýsi Þorsteins Pálssonar?

Stjórnsmál



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Ívikulegum stjórnsmálaskýringum Þorsteins Pálssonar nýtir hann hvert tækifæri til að gera lítið úr störfum forsætisráðherra Jóhannu Sigurðardóttur, jafnvel þegar hann er sammála henni efnislega, sbr. grein sl. laugardag um gjaldmiðlamál. Þessi áráttá minnir á stöðugar árásir Staksteina Morgunblaðsins á Ingibjörgu Sól-rúnu. Stefán Benediktsson taldi og flokkaði Staksteinaskrif eins ársins: Enginn stjórnsmálamaður komst í námunda við Ingibjörgu og miklu munaði.

Ég fullyrði að Jóhanna og hennar ríkisstjórn hafa komið fleiri umbótamálum á dagskrá og að verulegu leyti í gegn, en nokkur ríkisstjórn, frá því ég fór að fylgjast með stjórnsmálum. Ég nefni þau sem mér eru mikilvægust: Breytt skatta- og bótakerfi hefur snúið við ójafnaðarþróun sem Þorsteinn og hans flokksbræður stuðluðu að frá árinu 1996. Samt hafa skattar lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu. Ríkisstofnunum hefur fækkað um 28 og ráðuneyti verða átta í stað tólf. Það síðarnefnda var ávallt talið ómögulegt því koma þurfti „verðugum“ stjórnsmálamönnum í ráðherrastóla og stuttbuxnaðarþorsteins settu Íslandsmet í útbenslu ríkisumsvifa. Ný lög koma nú í veg fyrir pólitískar ráðningar dómara, sem Þorsteinn og hans flokksbræður stunduðu

í áratugi. Öðrum pólitískum ráðningum, sem Þorsteinn og félagar stunduðu einnig grímt, var sagt stríð á hendur. Sjálfur fékk Þorsteinn sendiherrastöðu. Loks hillir í uppstokkun fiskveiðistjórnunarkerfisins, sem Þorsteinn og hans flokksbræður hafa staðið dyggan vörð um, þó hrikaleg eignatilfærsla og einokunartilhneiging gjafakvótakerfisins yrði ljós. Við sölu ríkiseigna mun ríkisstjórn Jóhannu ekki nota flokkspólítískar úthlutunarreglur Þorsteins og flokksfélaga hans. Ég sat í einkavæðingarnefnd þegar Þorsteinn, þá sjávarútvegsráðherra, seldi fram hjá nefndinni stórfyrirtækið SR mjöl til pólitískra vildarvina, í stað hæstbjóðanda.

Það er vandasamt að vera forsætisráðherra og formaður í stórum stjórnsmálaflokki. Það hefur Þorsteinn sjálfur reynt. Jóhannu hefur tekist að halda ríkisstjórn saman á erfiðustu tímum lýðveldisins. Sú eina sem Þorsteinn veitti forystu stóð í eitt ár. Jóhannu hefur tekist að halda Samfylkingunni saman þrátt fyrir yfirþyrmandi verkefni, reiði og tortryggni í garð stjórnsmálamanna. Í formennskutíð Þorsteins klofnaði Sjálfstæðisflokkurinn og fékk í næstu kosningum þar á eftir, undir hans forystu einhverja lélegustu útkomu í sögu sinni. Er verið að kasta steinum úr glerhýsi?

Umhverfisvernd er íhaldsstefna

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Mælingar kváðu herma að Svandís Svavarsdóttir sé sá ráðherra sem flestum þyki hafa staðið sig illa í starfi. Það er undarlegt. Það er erfitt að átta sig á því hvaða fólk er spurt og því það er svona óánægð en skýringin liggur að minnsta kosti ekki í því að Svandís sé löt og hyskin eða svíkist um að vinna sín störf af samvissukusemi. Öðru nær. Ætli sé þá ekki nærtækast að leita skýringa í því að þessu fólk mislíki það hversu rösk hún er og röggóm. Að þetta fólk vilji ekki duglegan og drífandi umhverfisráðherra.

Allt mannkyn á mikið undir náttúruvernd en kannski á það alveg sérstaklega við um Íslendinga – fyrst og fremst náttúrunnar sjálfar vegna en líka vegna sjálfra sín, sjálfsmýndar sinnar og raunar beinharðra peningalegra hagsmuna, því að á ímynd ósnortinnar náttúru byggist aðdráttarfl landsins fyrir ferðamenn, og æ meir eftir því sem heimurinn spillist víðar.

Eins og Jónas Hallgrímsson orti í erindinu úr Hulduljóðum sem við syngjum aldrei: Veitt hefur Fróni mikið og margt, / miskunnar faðir, en blindir menn / meta það aldrei eins og ber /

unna því lítt sem fagurt er, / telja sér lítinn yndisard / að annast blómgaðan jurtagarð.“

Við höfum séð sveitastjórnarmenn tala um mengunarnarvarnir sem „öfgar“. Þeir hljóma eins og þeir telji það mannréttindi að fá að anda að sér díoxíni og sjálfsagt mál að Íslendingar séu undanþegnir reglum Evrópusambandsins um leyfileg mörk díoxínmenngunar. Þeim virðist fyrirumnað að skilja að þessar reglur eru settar til að gæta hagsmuna almennings, sem þeim ber raunar að þjóna.

Of oft heyrir maður og sér talað illa um náttúrufræðinga. Maður heyrir og sér talað um náttúruverndarmenn og jafnvel náttúruvísindamenn eins og þar fari slettirekur og boðflennur þegar mikið standi til, sem komi og

við öndum að okkur hreinu lofti, bergjum á hreinu vatni, drekku um hreina mjólk, snæðum hreint grænmeti, hreinan fisk og hreint kjöt: það eru ekki öfgar, það er hið eðlilega ástand á þessari góðu og gjöfulu jörð. Við þurfum ekki að gera annað en að læra að lifa af og með jörðinni og þá mun okkur farnast vel.

Þá verðum við að velja framkvæmdir af kostgæfni og í góðri sátt við landið. Umhverfisvernd á ekki að vera hægri eða vinstri mál; of mikið er í húfi. Af hverju er það eitthvað hægri sinnað að rótast áfram eins og skammsýnt naut? Af hverju er fyrirhyggja og skynsemi í nýtingu náttúrunnar vinstri sinnað? Of lengi hafa hægri sinnaðir stjórnmálamenn talað eins og þeir láti sér

Bjarna Benediktsson sem lét sér sæma um daginn að tala um „öfgamenn í umhverfismálum“ sem hafi rammaáætlun „í gislínu“. Hann var þar til að mynda að vísa til manna á borð við Orra Vigfússonar sem hefur verið í fararbroddi þeirra sem vilja vernda Þjórsá og lagt fram athyglisverðar hugmyndir um að byggja hana upp sem mikla laxveiðiá. Þetta er sami tónninn og mætti Ólafi F. Magnússyni þegar hann var á sinni tíð þúður út af landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Samt er þarna í Sjálfstæðisflokkinum viss hefð, viss saga. Einn þingmanna og áhrifamanna flokksins, Birgir Kjara var einn kunnasti náttúruverndarsinni landsins og skrifaði bækur um þau efni; bókaforlag hægri manna, Almenna bókafélagið gaf út grundvallarit um náttúruvernd, til að mynda hina frægu Raddir vorsins þagna sem Hannes Hólmsteinn er alltaf að reyna að afsanna í þrotlausri málsvörn sinni fyrir sóðaskapnum – og höfudskáld þeirra Sjálfstæðismanna, Tómas Guðmundsson, orti nokkur áhrifamikil ljóð um náttúruverndarmál undir lok skáldferils síns.

Við þurfum að fá heilbrigða íhaldsmenn í stjórnmálin. Varfærna, búrlega, tortryggna, trausta íhaldsmenn sem eru á móti flumbrugangi og skyndigróðabralli en vilja halda í það sem er gott, rækta það og varðveita, fara fetið. Í útlöndum kallar slíkt fólk sig konservatíf – það er sama orðið sem haft er um varðveislun og vernd. Náttúruvernd er íhaldsstefna.

„ Af hverju er það eitthvað hægri sinnað að rótast áfram eins og skammsýnt naut? Af hverju er fyrirhyggja og skynsemi í nýtingu náttúrunnar vinstri sinnað? “

eyðileggi allt út af „öfgum“. Menn víla jafnvel ekki fyrir sér að tala um náttúruverndara í sömu andrá og hryðjuverkamenn, vegna þess að hinn snaróði Paul Watson sökkði hvalbátum hér um árið.

Hvað er öfgafullt? Sá sem vill bjóða sínu fólk upp á margfalt magn þess sem leyfilegt er af díoxíni af því að hann tímur ekki að koma sér upp sómasamlegum mengunarnarvarnaði við sorpbrennsluna – sá er öfgamaður; ekki það fólk sem vill að

í léttu rúmi liggja hvað verður um jörðina og lífið á jörðinni, svo lengi sem hægt sé að moka upp „verðmætum“. Of lengi hafa hægri menn lagt eyrun við þarfleysuhjali ábyrgðarlausra afneitunarinnar. Stundum vilja hægri sinnaðir stjórnmálamenn telja okkur trú um að þeim einum sé treystandi til að stýra landinu vegna þess að þeir sýni aðgæslu og ábyrgð, ráðdeild og festu. Það á ekki við um í umhverfismálum. Það á ekki við til að mynda

AF NETINU

Háborg pungraksturs

Raksturinn er orðinn það sem á frönsku heitir de rigueur, einhvers konar áþjón. En þetta á ekki bara við um konur. Maður fer í Baðstofuna inni í líkamsræktarstöðinni Laugum og



verður dálítið hugsi þegar maður sér að þar er fullt af karlmönnum með rakaðan pung. Það er svo sem ekki þannig í Vesturbæjarlauginni, ekki enn þá – en þarna í Laugardalnum er einhvers konar háborg pungraksturs.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

Þóra aldrei ópólitísk

Ég lýsti því yfir hér fyrir allnokkrum síðan að ég vildi sjá Pál Skúlason sem næsta forseta. Það virðist úr sögunni núna. Mér þykir það miður. Ég vildi svo gjarnan fá forseta sem læt embættinu meiri dýpt – sem hefur hugsjón fyrir hlutverki þess, lýðræðinu og er meðvitaður um þær ógnir og hættur sem samfélagið stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Og hefur trú á þeim möguleikum sem hið sama samfélag hefur í greip sinni ef það kærir sig um.

Það mun aldrei takast héðan af að láta sem Þóra Arnórs sé ópólitískur forsetaframbjóðandi. Ef hún fer fram er hún rannpólitísk. Bakland hennar er eins pólítískt og frekast getur verið. Það er sama hvaða fjöðrum menn stinga í hatta sína – drifkrafturinn við að draga Þóru fram á völlinn er allur hjá einhleitem hópi sem vill losna við Ólaf Ragnar af pólítískum ástæðum.

maurildi.blogspot.com

Ragnar Þór Pétursson

GRÆDDU Á GULLI CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26

AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!
UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.

Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.



AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:

Þriðjudaginn **27. mars**, miðvikudaginn **28. mars**
og fimmtudaginn **29. mars** frá kl. 11 til 18.

Falinn fjársjóður?

Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynt fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgrip. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?

Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sigarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.

- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgrip og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna,“ segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

Einkaviðtal við verðmat.

Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.

Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com

Um sannleiksnefnd

Sannleiksnefnd

Birgir Hermannsson
stjórnmalafraeðingur



heldur aðeins og eingöngu svar við þeirri spurningu hvort tiltekið athafnaleysi ráðherra varðaði við lög.

Þetta þrönga hlutverk Landsdóms hefur orðið þó nokkrum tilefni til þess að álykta sem svo að sérstök sannleiksnefnd hefði verið betri kostur til að gera upp hrunið. Þetta er til dæmis síðbúin skoðun Ógmundar Jónassonar ráðherra og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi ráðherra. Ýmsir útrásarvíkingar eru einnig hlyntrir sannleiksnefnd, meðal annars þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Þessi umræða um sannleiksnefnd er að mörgu leyti sérstök, rannsóknarnefnd Alþingis var sannleiksnefnd með víðtækari rannsóknarheimildir. Mér virðist ekkert gert, ég mátti ekkert gera, var tónninn hjá flestum þeim sem báru vitni. Yfir þessi mál er farið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og myndar hún góðan grundvöll fyrir málefnalega umræðu um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda.

Það þarf ekki að koma á óvart að nýjar upplýsingar eða „nýr sannleikur“ hafi ekki komið fram hjá Landsdómi. Hlutverk dómstóla er að úrskurð um tiltekin og jafnan þröngt skilgreind ákæruæfni, hvort tiltekin atburðarrás sé andstæð tilteknum ákvæðum laga. Landsdómur getur því aldrei orðið „uppbyggjör“ við hrunið almennt séð,

sinni hlið á málum á framfæri hafi það áhuga á.

Það eru hins vegar sterkari rök gegn sannleiksnefnd en ofangreind. Eitt af vitnum Landsdóms var nýlega dæmt til refsingar vegna máls tengdu hruninu og þrjú vitni hafa verið úrskurðað í gæsluvarðhald að kröfu sérstaks saksóknara. Ef valkosturinn var, svo notað sé orðalag Ingibjargar Sólrúnar, refsifarvegur eða sannleiksnefnd, þá má ljóst vera að valkostirnir áttu við um fleiri en fyrrverandi ráðherra. Þeir sem telja að sannleiksnefnd hafi verið valkostur við Landsdóm eru einnig að færa rök fyrir því að sannleiksnefnd hafi verið valkostur við sérstakan saksóknara. Rannsóknarnefndin fjallaði um fjölmörg mál sem vísað var til sérstaks saksóknara. Væri ekki eðlilegt að fjalla um þau mál og önnur sem saksóknarinn fjallar um í sannleiksnefnd frekar en fyrir dómstólum?

Sannleiksnefnd var því að mínu viti enginn valkostur við Landsdóm. Valkostir Alþingis voru þeir hvort ákæra ætti ráðherra eða ekki. Um þessa valkosti má deila, en sannleiksnefnd er ekki vel ígrundað innlegg í þær deilur. Rannsóknarnefnd Alþingis lauk störfum sínum 2010, enn eiga margir erfitt með að sætta sig við þann heldur dapurlega sannleika sem hún bar á borð.

Boltinn hjá þjóðinni

Ný stjórnarskrá

Eiríkur Bergmann
stjórnmalafraeðingur,
sat í Stjórnlagaráði



Fyrsta ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla lýðveldissögunnar um mál sem liggur fyrir Alþingi fer fram samhliða forsetakjöri þann 30. júní næstkomandi – nái þingsályktunartillaga stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis fram að ganga. Þá verður þjóðin spurð álíts á frumvarpi Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá og fimm valkostum.

Frá stofnun lýðveldisins á Þingvöllum árið 1944 hefur þjóðin aldrei verið spurð álíts á nokkrum máli sem Alþingi hefur haft til meðferðar. Ísland er raunar á meðal þeirra vestrænna ríkja þar sem þjóðaratkvæðagreiðslur eru hvað fáttóstar – þó svo að forseti Íslands hafi þrívægis vísað afgreiddum lögum Alþingis til þjóðarinnar; fyrst í fjölmiðlamálinu og svo tvisvar í Icesave. Fylgjendur beins lýðræðis hljóta að fagna því að þjóðin fái nú loks að vera með í ráðum í ákvarðanatöku um mikilvægt mál.

Langur aðdragandi

Vel fer á því að þessi fyrsta þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði Alþingis skuli fara fram um stjórnarskrána. Ekki aðeins er það í anda frumvarps Stjórnlagaráðs að hafa fólk með í ráðum heldur hefur allar götur frá lýðveldistökunni staðið til að íslenska þjóðin setji sér sína eigin stjórnarskrá. Þá var ákveðið að gera sem minnstar breytingar á fullveldisstjórnarskránni frá árinu 1920 sem að uppistöðu var byggð á dönsku stjórnarskránni – sem lítið hafði breyst frá endalokum einveldisins árið 1849. Og sem Kristján IX hafði rétt okkur árið 1874. Krafan um þjóðareiningu varð til þess að ekki hljóti hættandi á það að átök um stjórnarskrárþreitingar myndu varpa skugga á lýðveldistökuna. Þó féll danska stjórnarskráin í hóp þeirra sem urðu til við hægfara umskipti frá einveldi til fulltrúalýðræðis og endurspegladi traudla þá róttæku stjórnfæðingabreytingu sem orðið hafði eftir að nýtt lýðræðisfestist í sessi.

Því varð úr að stefnt skyldi að heildarendurskoðun á stjórnarskránni strax eftir lýðveldistökuna – eins og til dæmis kom fram í stjórnarsáttmála nýsköpunarstjórnarinnar sem tók við völdum haustið 1944. Töf varð á og þrátt fyrir fjölda stjórnarskrárnefnda hefur Alþingi reynt ófært um að ná saman um heildstæða endurskoðun á grundvallarlögum landsins – þó svo að margvíslegar smávægilegar breytingar hafa vissulega verið gerðar, svo sem nýr mannréttindakafli árið 1995. Að formi til endurspeglar nágildandi stjórnarskrá enn þessa gömlu togstreitu – á milli einvaldsins og fulltrúa fólksins.

Lýðræðislegt ferli

Að loknu viðamiklu lýðræðislegu ferli liggja nú loks fyrir drög að

stjórnarskrá sem Íslendingar hafa samið sjálfir. Alþingi blés til allsherjarkosninga til stjórnlagabings (sem svo varð að þingkjörnu Stjórnlagaráði eftir að sex dómáramur ógiltu kosninguna á grundvelli tæknilegra ágalla án þess þó að bera brígður á niðurstöðuna). Á sjötta hundráð manns buðu sig fram og rúm 84 þúsund tóku þátt.

Blásið var til þúsund manna þjóðfundar sem í kjölfar frjórta samtala varpaði fram ótal hugmyndum sem stjórnlaganefnd, skýpuð sérvaldum sérfræðingum, notaði til að vinna viðamikla skýrslu upp í hendurnar á Stjórnlagaráði. Með aðstoð allra mögulegra miðla hafði Stjórnlagaráð svo stöðugt og opið samráð við hvern þann sem vildi og fékk þannig þúsundir erinda og ábendinga til úrvinnslu.

Tilboðið

Sá galli er þó á gjöf Njarðar að fjölmiðlar hafa einkum flutt fréttir af málsmeðferðinni fremur en innihaldinu. En við hljótum að treysta á að úr bætist í aðdraganda kosninganna. Nýja stjórnarskráin felur í sér tilboð til þjóðarinnar; svo sem um auknið lýðræði, tryggari mannréttindi, persónukjör, skýrari aðskilnað valdráttanna, jafnt vægi atkvæða, faglegar ráðningar í æðstu embætti og að náttúruauðlindir séu í þjóðareign.

Meginmarkmiðið var þó að einfalda og skýra stjórnarskrána svo hver maður geti lesið hana og skilið stjórnskipan landsins. Við það glata útvaldir stjórnskipunarsérfræðingar að vísu nokkru af túlkunarvaldi sínu sem kann að skýra afundna afstöðu sumra þeirra. Tveir fulltrúar úr stjórnlaganefndinni hafa til að mynda fundið að ýmsu því sem rataði í stjórnarskrárdrögum á tillögu annarra sérfræðinga í nefndinni. En sérfræðinganefndin klofnaði eiginlega alveg í tvennt. Þá fann einn stjórnmalafraeðingurinn einkum að því að ekki væri gert ráð fyrir að minnihluti þings gæti vísað lögum í þjóðaratkvæði á meðan kollegi hans gagnrýndi okkur einkum fyrir að opna á þá sömu leið á fjögurra daga vinnufundi Stjórnlagaráðs um daginn. Hér er því ansi vandratad. En álit sérfræðinganna er oft aðeins byggt á eigin stjórnarskrárpólitískri afstöðu – sem hverjum manni er frjálst að hafa.

Þjóðin ræður för

Þær tillögur sem nú liggja fyrir þjóðinni eru afrakstur víðamikillar vinnu margs fólks yfir langan tíma. Enginn fékk sína óskastjórnarskrá en öll vorum við í Stjórnlagaráði sannfærð um að sú nýja væri langtum betri en sú gamla. Þess vegna samþykktum við hana einróma. En nú er boltinn sem sé hjá þjóðinni sjálfri.

Lítist henni vel á verða niðurstöðurnar úr kjörinu um valkostina ofnar inn í frumvarpið og lagðar fyrir Alþingi sem vitaskuld hefur síðasta orðið. Lítið fólk hins vegar illa á málið er það einfaldlega úr sögunni. Jafnt fylgjendur sem andstæðingar nýju stjórnarskrárinnar ættu að geta sætt sig við dóm þjóðarinnar.

Fráleit umræða um frumvarp velferðarráðherra

Samfélagsmál

Elsa B. Friðfinnsdóttir
formaður
Félags íslenskra
hjúkrunarfræðinga



Umræða síðustu daga um svokallað pillufrumvarp velferðarráðherra hefur tekið á sig einkennilegar myndir. Frumvarpið kveður á um takmarkaða heimild hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra til að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum. Þar er brugðist við til mælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna en nefndin lýsti nýlega yfir áhyggjum vegna fjölda þungana og fóstureyðinga meðal stúlkna undir 18 ára aldri hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Landlækni fóru fimm stúlkur yngri en 15 ára í fóstureyðingu 2010 og 177 stúlkur á aldrinum 15-19 ára.

Einstaka lækna hafa lýst sig andvíga frumvarpinu og hafa sveigt umræðuna um frumvarpið inn á vafasamar brautir. Lítið hefur verið að því liggja að skólahjúkrunarfræðingar kynnu að ávísa pillunni á 11 ára stúlkubörn án vitundar foreldra þeirra. Slíkur málflutningur er fráleitir og viðkomandi læknum ekki samboðinni. Slíkt dytti vonandi engum í hug hvorki lækni né hjúkrunarfræðingi.

Þá hefur verið ýjað að því að frumvarpið dragi úr upplýsinga

skyldu hjúkrunarfræðinga og lækna til foreldra. Svo er alls ekki, upplýsingaskyldan verður hin sama. Þá hefur því verið haldið fram að frumvarpið endurspeglar stéttaríng. Sá ríður er þá frá þeim sömu læknum kominn. Eg þori að fullyrða að hjúkrunarfræðingar sækjast ekki eftir því að sjúkdómsgreina. Kynlíf unglunga er ekki sjúkdómur en er hins vegar staðreynd sem þarf að viðurkenna.

Forvarnir eru hér mikilvægastar. Foreldrar og skólahjúkrunarfræðingar þurfa að fræða börn og unglunga um kynlíf, styrkja þau sem einstaklinga þannig að þau geti valið og hafnað. Það þarf að brýna fyrir þeim að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, og síðan að veita þeim sem farin eru að stunda kynlíf, með eða án vitneskju foreldra, videigandi úrræði til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Rétt er að ítreka að landlækna, bæði núverandi og fyrrverandi, eru meðmæltri því að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái þetta takmarkaða leyfi til að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum. Þá hefur lækningaforstjóri Heilsubæslu höfuðborgarsvæðisins lýst þeirri skoðun sinni að pillan eigi ekki að vera lyfseðilsskyld, það er að konur eigi að hafa frian aðgang að henni.

Umrætt frumvarp velferðarráðherra snýst fyrst og fremst um auknið aðgengi unglingsstúlkna að

getnaðarvörnum. Komu þetta fram á meðalaldur stúlkna þegar þær fara að stunda kynlíf er rúmlega 15 ár. Þá eru þær enn í grunnskóla. Vonandi geta flestar þessara ungu stúlkna (og vonandi drengirnir líka) rætt við foreldra sína um kynlíf og getnaðarvarnir. Vonandi eru foreldrar þeirra tilbúin til að fá frí fyrir þær í skólum, panta tíma fyrir hjá heimilislækni og sjta með þeim í viðtalinu og skoðuninni.

Því miður er ég þó hrædd um að sú sé ekki alltaf raunin. Það er einmitt þeim unglingsstúlkum sem ekki ræða kynlíf og getnaðarvarnir við foreldra sína sem þarf að bjóða önnur úrræði. Þessi hópur hefur alist upp við það í gegnum grunnskólann að geta leitað til skólahjúkrunarfræðings með sínar spurningar og vandamál. Skólahjúkrunarfræðingar sjá auk þess víða um kynlífsfræðslu í skólum þannig að líkur eru á að gott traust hafi skapast milli barnanna og skólahjúkrunarfræðingsins. Gott aðgengi og traust eru lykillinn að því að unglingsstúlkur (og drengir), sem farnar eru að stunda kynlíf og geta af einhverjum ástæðum ekki rætt þau mál við foreldra sína, leiti eftir ráðgjöf og ávísun á getnaðarvarnir. Það er um það sem frumvarp velferðarráðherra snýst, auknið aðgengi að þjónustunni, betri þjónustu, vonandi færri þunganir unglingsstúlkna og vonandi fækkun fóstureyðinga.

Hako
Clean ahead

Hako gólfþvottavélar og sóparar

- á kynningarverði

Nú hjá RV!

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VORVERKIN HAFIN

Vorverkin hjá Reykjavíkurborg eru hafin og var byrjað að sópa götur í vikunni sem leið. Farið verður yfir allar götur og gangstíga með stórvirkjum tækjum. Magnið sem þarf að hreinsa upp eftir veturinn er mikið og víða þarf að byrja á grófsópun. Ábendingar um hreinsun er hægt að senda inn WWW.REYKJAVIK.IS/BORGARLAND.



Gerefti

Slaglistar

Parketlistar

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is



JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FYRIR ÞÁ SEM HYGGJA Á FRAMLEIÐSLU

ALLT Á EINUM STAÐ Framleiðsla.is er vefur sem hefur verið í þróun hjá hönnunarfyrirtækinu Studiobility um nokkurt skeið. Hann var kynntur á HönnunarMars um helgina og gátu fyrirtæki skráð sig til leiks. Gert er ráð fyrir því að vefurinn opni formlega í byrjun næsta árs.

Kveikjan að vefnum var sú að hönnuðir og fyrirtæki í skapandi iðnaði þurfa oft en ekki að leita eftir samstarfi við framleiðslufyrirtæki til að koma vöru á markað. Lengi hefur þótt skorta að upplýsingar um slík fyrirtæki liggja fyrir á einum stað. Hugmyndin með vefnum er að safna saman á einn stað upplýsingum til að auðvelda stefnumót viðskipta, framleiðslu og nýrra hugmynda," segir Guðrún Lilja

Gunnlaugsdóttir sem stendur að baki verkefninu ásamt kollega sínum hjá Studiobility, Ólafi Ómarsyni. Öll framleiðslufyrirtæki og fyrirtæki sem þjóna skapandi iðnaði með efnum, aðferðum eða tækjabúnaði geta skráð sig á framleiðsla.is. Gert er ráð fyrir því að helstu notendur verði hönnuðir, þróunarstjórnar, fyrirtæki í iðnaði, skapandi greinar, skólar, þekkingarsetur og almenningur allur. Guðrún Lilja segir mikla vinnu

AUKIN VERÐMÆTASKÖPUN Markmiðið með vefnum er meðal annars að stuðla að betri nýtingu þekkingar og tækjabúnaðar og auka þannig verðmætasköpun. Fyrirtæki geta skráð sig á slóðinni framleiðsla.is en þar er auk þess myndband sem sýnir möguleikana sem vefurinn hefur upp á að bjóða.

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

Fermingartilboð

Gerð GÆÐA- og verðsamanburð



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

VALHÖLL Ný hönnun

5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð Verð Tilboð
120x200 84.900 kr. 79.900 kr.

Verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FURÐULEGAR STAÐREYNDIR

Baðherbergi

- Psycho frá árinu 1960 er fyrsta kvikmyndin sem sýndi sturtað niður í klósetti. Atriðið olli miklu fjaðrafoki.
- Nasistaforinginn Hermann Goering þverneitaði að nota klósettpappír. Þess í stað nýtti hann vasaklúta.
- Fólki ver að meðaltali þremur árum ævi sinnar sitjandi á klósetti.
- Salerni á Bretlandi hafa oft en einu sinni verið valin þau verstu í heimi. Salerni á Grikklandi, í Frakklandi og Tailandi þykja ekki mikið skárrí.
- Rannsóknir sýna að fyrsti klósettklefinn sem blasir við á almenningsalernum er sá minnst notaði.



GLEÐJA OG VEITA ALMENNA VELLÍÐAN

LÍN DESIGN KYNNIR Fallegar og umhverfisvænar vörur frá Lín design hafa vakið athygli. Fyrirtækið hennar og framleiðir rúm- og sængurfatnað með áherslu á gæði.

Lín design hefur frá stofnun árið 2005 haft gæði að leiðarljósi við hönnun og framleiðslu á rúm- og sængurfatnaði. Til marks um það leggur fyrirtækið ríka áherslu á fallegar og umhverfisvænar íslenskar vörur að sögn Braga Smith, framkvæmdastjóra Lín design.

„Okkar markmið hefur alltaf verið að bjóða vandaðar vörur sem gleðja og veita vellíðan. Líður í því er að nota bestu hráefni sem völ er á,“ segir hann og tekur dúnsængur frá LÍN design sem dæmi. „Þær eru eingöngu fylltar með 100 prósent dúni og utan um sængina fer mýksta bómull sem býðst. Við hreinsum allan dún með hita og engin kemísk efni eru notuð við hreinsunina. Ástæðan er sú að dúnn dregur í sig raka og þegar hann þornar þá verður hluti af efnablöndunni í hreinsuninni eftir í dúninum. Það eykur líkurnar á ofnæmi eða ofnæmisviðbrögðum. Það sem skiptir mestu máli við val á dúnsængum er að sængin sé full af dúni, ekki fiðri. Dúnn er léttasta en jafnframt hlýjasta náttúrulega efni sem völ er á. Sængin á því að vera létt, hlý og rakadræg. Rakadrægnin er mikilvægur hluti því dúnninn dregur í sig raka í gegnum bómullina. Ef þetta er gert á þennan hátt verður sængin himnesk.“

Bragi segir að bæði í dúnsængurnar og rúmfötin séu notaðir litir sem eru skaðlausir húðinni. Eins sé reynt að huga að umhverfinu með því að draga úr umbúðum. „Til dæmis er barnarúmfatnaður í umbúðum sem eru hannaðar sem dúkkurúmföt og fer því ekki bein-



ustu leið í ruslið. Viðskiptavinir gefa því í raun tvær gjafir, rúmfatnað fyrir barn og rúmfatnað fyrir dúkku sem það getur haft gaman af.“

Allar vörur Lín design eru hannaðar á Íslandi að sögn Braga. „Fyrirtækið byrjaði með tíu vörur en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og eru nú orðnar 400 talsins. Að meðaltali bætast nú við 60 til 70 vörur árlega. Innblásturinn er sóttur í íslenska náttúru og menningu. Íslensk blómamyntur hafa átt miklum vinsældum að fagna og þá þykja barnavörur með íslensku dýrunum glaðleg og falleg.“

Bragi býður fólki velkomið í heimsókn á Laugaveg 176 þar sem verslunin er til húsa. Nánari upplýsingar á lindesign.is og í síma 533-2220.

GÆÐI Bragi Smith segir Lín design leggja áherslu á vandaðar vörur. MYND/VALLI



Mjúka fermingargjöfin

25 frábær fermingartilboð

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



BLÓM Innblástur er sóttur víða. Meðal annars í íslenska náttúru.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

liggja að baki vefnum og hafa nemendur við Listaháskóla Íslands meðal annars lagt hönd á plóg við skráningu fyrirtækja.

„Sem stendur eru um þrjátíu fyrirtæki skráð á vefinn en stefnt er að því að þau verði hundrað við opnun. Við höfum fengið mjög jákvæðar undirtektir og vonumst til að fyrirtæki keppist um að vera skráð á vefinn enda felast í því fjölmörg viðskiptatækifæri og fólk er fljótt að koma auga á kostina. Þá erum við að vinna ákveðið frumkvöðlastarf enda sams konar vefir í löndunum í kringum okkur vandfundnir.“ Guðrún Lilja segir vefinn ekki síst ætlaðan skólakerfinu enda ættu nemendur á hinum ýmsu skólastigum að geta fengið þar gagnlegar upplýsingar um efni, framleiðslutæki og iðnað í landinu. Guðrún Lilja segir vefinn koma til með að verða lífandi og í stöðugri þróun. Þar getur fólk sótt fróðleik og komið á samvinnu og samstarfi. Það verða



engar auglýsingar á vefnum heldur lífandi umfjöllun um áhugaverð samstarfsverkefni, ný efni og tæki. Guðrún Lilja segist vona að upplýsingabrunnur sem þessi komi til með að örva nýsköpun og efla íslenskt atvinnulífið í landinu.

SAMSTARF VERÐUR AÐ NÝRRI VÖRU Hér ma sjá afkrstur af samstarfi Guðrúnar Lilju og Ólafs við Merkingu ehf. Um er að ræða stól úr endurvinnanlegum pappa.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir
sölufulltrúi



Ruth Einarsdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi
Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

Hringbraut 119, 3ja herb., séringgangur og bílskýli
Opið hús mánudag kl. 17:30 - 18:00.



Nýtt í einkasölu: íbúð 301 gengið inn að aftan (JL húsið).
Íbúðin er 92,5 fm, falleg og með riflegri lofthæð.
Verð 23,9 m

Sími 824 7772

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir

Nánast fullbúin íbúð í Bryggjuhverfinu

Fasteignasalan Bær hefur til sölu nánast fullbúna 63 fermetra tveggja herbergja íbúð við Naustabryggja 54.

Lýsing: Forstofa með flísum úr ítölskum sandsteini á gólfi og fataskáp með sérsmíðaðri glerhurð. Á milli forstofu og eldhúss er aðstaða fyrir þvottavél. Stofa / borðstofa með eikarparketi á gólfi, sérsmíðuðum hillum sem eru með flekum sem hægt er að draga frá og fyrir. Sjónvarpsveggur úr svörtu plexigleri ásamt hillum. Úr stofu er útgengi út á suðvestur svalir með útsýni út á smábátahöfnina. Eldhús er með sérsmíðaðri hvítri innréttingu, elshúsbörðplötu úr ítölskum sandsteini, innbyggðri uppþvottavél og blöndunartæki frá Philippe Starck. Svefnherbergi er með parketi á gólfi, vinnuástöðu og hillu fyrir sjónvarp. Úr svefnherbergi er aðgengi inn í fataherbergi sem er með hillum frá Rými. Úr svefnherbergi er einnig gengið inn í baðherbergið. Baðherbergi með flísum úr ítölskum sandsteini á gólfi og vegg. Öll baðherbergistæki svo sem baðkar, sturta, handlaug, salerni og blöndunartæki eru frá Philippe Starck. Baðinnrétting er sérsmíðuð sem og niðurhangandi ljós yfir vaski.

Öll lýsing í íbúðinni er frá Lúmax og er fjarstýrð.



Íbúðin er hönnuð af Valgerði Matthíasdóttur innanhúsarkitekt.

Íbúðin er hönnuð af Valgerði Matthíasdóttur innanhúsarkitekt.

Það sem fylgir með íbúðinni er: Uppþvottavél, ískápur, þvottavél, allar hillur, hillusamstæða í fataherbergi, tveir skenkar, Le Corbusier borðstofuborð með borðplötu úr ítölskum sandsteini og gleri, þrjár stólar frá Arne Jacobsen, rimlagardínur, taugardínur.

Nýbúíð er að mála alla íbúðina, hreinsa allar gardínur, þússa eldhúsinnréttingu og slípa parket og flísar.

Opið hús í dag frá kl. 17:00 - 17:30 - Naustabryggja 54 - íbúð 302.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Barrholt - 270 Mosfellsbær

NÝTT Á SKRÁ



Fallegt 249,3 m² einbýlishús með bílskúr og aukaíbúð í kjallara íbúðarhúsið skiptist í forstofu, stofu m/arni, borðstofu, eldhús m/góðum borðkrók, þvottahús, fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Rúmgóður bílskúr sambyggður húsinu. Í kjallara er ósamþykkt aukaíbúð sem skiptist í eldhús, stofu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Falleg aðkoma að húsin og snyrtilegur garður. V. 49,9 m.

Prastarás 25 - 221 Hafnarfjörður

NÝTT Á SKRÁ



Mjög fallegt og vel skipulagt 231,5 m² einbýlishús með stórum bílskúr við Prastarás 25 í Hafnarfirði. Stór timburverönd. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stutt í skóla og leikskóla. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 53,9 m. 10291

Ólafsgesli 20 - 113 Reykjavík



Sérlega glæsileg 166,3 m² neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við Ólafsgesla í Grafarholti. Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Eignin er mjög falleg og vel umgengin. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. Mjög glæsilegt útsýni er frá húsinu. Örstutt er út í náttúruna og á golfvöllinn. V. 49,9 m. 10254



Nýtt á skrá

Furubýggð - 270 Mosfellsbær
Fallegt 138 m² raðhús á 2 hæðum og risi, ásamt 26,7 m² bílskúr á eignarlóð og með gervigrasvelli í bakgarðinum, við Furubýggð í Mosfellsbæ. Falleg eign á þessum vinsæla stað í Mosfellsbæ. V. 38,9 m.



Nýtt á skrá

Breiðagerði 7 - 108 Reykjavík
347,9 m² einbýlishús með aukaíbúð í kjallara. Húsið sjálft er á þremur hæðum skráð 219 m². Bílskúrinn er skráður 40 m² og geymsla í kjallara undir bílskúrnum er skráð 89 m². Eignin er laus til afhendingar strax. V. 53,9 m. 10293



Nýtt á skrá

Hrísrími 8 - 112 Reykjavík
Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og timburverönd. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, bað, geymslu innan íbúðar, stofu og eldhús. Örstutt í leik og grunnskóla, sem og aðra þjónustu. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 19,9 m. 10288



Tréllakór 2-4 - 203 Kópavogur
Erum með í sölu tvær fallegar 3ja herbergja íbúðir á 2.hæð í lyftuhúsi. Íbúðunum fylgir sérgeymsla og bílastæði í bílakjallara. Fallegar innréttingar. Granít í borðplötum og sólbekkjum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í innréttingu. Eignirnar eru lausar til afhendingar strax! V. 24,9 m. 10185

Litlatriki 2 - 270 Mosfellsbær

Nýtt á skrá

OPIÐ HÚS

Mjög falleg 4ra herbergja, 156,5 m² íbúð á 1. hæð með timburverönd, ásamt 35,3 m² bílskúr í 3ja hæða í lyftuhúsi við Litlatriki 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er rúmgóð og falleg með glæsilegum innréttingum frá Axis. Gólfefni eru plankaparket úr hnotu og flísar. Svalir og sér garður. V. 37,5 m. 3512

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Berjarími 36 - 112 Reykjavík

Nýtt á skrá

OPIÐ HÚS

Vel skipulögð 67 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með séringgangi og góðri verönd við berjarími 36 í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, eldhús, sér þvottahús og hjónaherbergi. Í kjallara er sérgeymsla og hjónaherbergi. Lokaður sérgarður í vestur. V. 16,9 m. 10295

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00

Hörgatún 11 - 210 Garðabær

Nýtt á skrá

OPIÐ HÚS

187,4 m² einbýlishús með aukaíbúð á fallegum stað við Hörgatún 11 í Garðabæ. Um er að ræða fallegt einbýlishús á tveimur hæðum, aðalhlæðinn er 84,2 m² og kjallari 40,3 m², á aðalhlæðinni er forstofa, stór stofa, hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús og borðstofa. Í kjallara er þvottahús, baðherbergi og tvö herbergi. Auk þess er 62,9 m² viðbygging, en þar er aukaíbúð með eldhúsi, baðherbergi, stofa, herbergi og geymsla. Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00

Hagaland 9 - 270 Mosfellsbær

OPIÐ HÚS

Fallegt 171,4 m² einbýlishús á tveimur þöllum innst í botnlanga við Hagaland 9 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, gestasaleri, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og 34,4 m² bílskúr. Húsið stendur á 1062 m² gróinni lóð. V. 43,5 m. 10258

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00



Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi



**Glæsilegt fjölbýlishús.
Einstök staðsetning**

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.
Sjá nánari skilalýsingu á www.fastmark.is

SÉRBÝLI

Bollagarðar - Seltjarnarnesi



Fallegt og vel skipulagt 212,5 fm. raðhús, tvær hæðir og ris, að meðtöldum 20,4 fm. bílskúr á þessum eftirsóttá stað. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stofa/borðstofa með útgangi á verönd til suðvesturs. Rúmgott sjónvarpshol með útgangi á svalir til suðvesturs. Fjögur rúmgóð herbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergiHiti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. **Verð 54,0 millj.**

Holtás 1-Garðabæ



Fallegt 216,9 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað við óbyggð svæði. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í samliggjandi bjartar stofur, rúmgott eldhús með eyju, hol/sjónvarpshol, 3 herbergi og vandað baðherbergi. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta eignarinnar og stórar verandir með skjólveggjum eru á lóð. Tvöfaldur bílskúr. **Verð 73,0 millj. Opið hús á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.00 -18.00**



Tjarnargata- 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 92,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi auk 18,2 fm. sér geymslu/herbergi með fullri lofthæð í kjallara í hjarta miðborgarinnar. Aukin lofthæð í íbúðinni og svalir út af eldhúsi til norðvesturs. Þrjú rúmgóð herbergi. **Verð 28,9 millj.**



Strandvegur- Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 118,1 fm. útsýnisíbúð alveg niður við sjó auk sér staðs í bílageymslu í kjallara. Íbúðin er 4ra herbergja skv. teikn., en stofa hefur verið stækkuð sem nemur einu herbergi. Auðvelt er að útbúa þrjú svefnherbergi í íbúðinni ef vill. Stórar flisalagar svalir til suðurs. Eldhús opið við stofu og með eyju. **Laus til afhendingar strax. Verð 38,9 millj.**



Aflagrandi- endaraðhús

Fallegt og vel skipulagt 213,8 fm. endaraðhús á tveimur hæðum með garði til suðurs á þessum eftirsóttá stað í vesturbænum. Rúmgóðar samliggjandi stofur með útgangi á verönd til suðurs. Rúmgott eldhús með fallegum ljósum innréttingum. Sjónvarpshol með útgangi á svalir til suðvesturs. Fjögur rúmgóð herbergi. Aukin lofthæð er í stærstum hluta efrri hæðar. Hiti í stéttum og innkeyrslu. **Verð 66,0 millj.**



Kringlan – endaraðhús

Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórru eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólgóð lóð með stórru verönd. **Verð 56,9 millj.**



Ögurás –Garðabæ. Glæsilegt parhús á einstökum útsýnisstað

Glæsilegt 129,1 fm parhús að meðtöldum 26,2 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, opið rými, stóra stofu með kaminu og gólfsíðum gluggum, eldhús, 2 svefnherbergi og baðherbergi með þvottaadstöðu. Lofthæð er að jafnaði um 3 metrar. Húsið er allt hið vandaðasta að innan hvað varðar efnisval í innréttingum og gólfefni. Lýsing og raflagnir eru í algjörum sérílokki. Að utan er húsið klætt með viðhaldsfrii áli og standandi eikarklæðningu, viðhaldsfrii. **Verð 49,5 millj.**



Ásakór-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með bílskúr.

Glæsileg 154,7 fm. 5 herbergja íbúð á efstu hæð auk bílskúrs með 8,4 fm. geymslu innaf. Tvennar svalir eru á íbúðinni til suðurs og austurs og fallgett útsýni. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 4 rúmgóð herbergi. Stutt í skóla, sundlaug og verlanir. **Verð 39,9 millj.**



Unnarbraut Seltjarnarnesi

320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efrri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinnngangi. Frá efrri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. **Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 72,0 millj.**



Starhagi.

307,2 gm. Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð á þessum glæsilega útsýnisstað auk 35,1 fm. bílskúrs. Á aðalháð eru m.a. samliggjandi stofur með fóstum innréttingum, borðstofa, sjónvarpsstofa og eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Á efrri hæð eru 5 herbergi og baðherbergi. Íbúð í kjallara er 3ja herbergja, samþykkt og með fullri lofthæð. Glæsilegt útsýni úr stofum út á sjóinn. Falleg lóð. **Frábær staðsetning.**



Bollagata – 4ra herbergja

Góð 87,0 fm. 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í þrjúbýlishúsi í Norðurmýrinni. Tvö herbergi. Stofa/borðstofa. Borðstofa nýtt sem herbergi í dag. Massívt parket á gólfum. Sér geymsla í risi. Baklóð sem snýr í suður. **Verð 26,5 millj.**



Kársnesbraut- Kópavogi

227,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með góðu útsýni til norðurs og vesturs. Vel ræktuð lóð með 60 fm. verönd og heitum potti að sunnanverðu. Eignin er mikið endurnýjuð. 5 herbergi. 2 baðherbergi. Skjólögðar vestursvalir út af borðstofu. Góð hellulögð aðkoma og yfirbyggt bílskúli. **Verð 48,0 millj.**



Sörlaskjól.

Mjög fallegt og vel skipulagt 297,4 fm. parhús á þremur hæðum með sér 3ja herb. íbúð í kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanföllum árum á vandaðan og smekklegan hátt. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, hannaðar af Yrki arkitektum. Aukin lofthæð er á rishæð. Lóð nýlega endurnýjuð.



Línakur – Garðabæ. 4ra herbergja

Falleg 133,6 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með góðu útsýni til suðurs í góðu fjölbýli Akrahverfinu í Garðabæ. Úr stofu er útgengi á suðursvalir með góðu útsýni. Opið eldhús. 3 rúmgóð herbergi með skápum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 35,9 millj.**

4 - 6 HERB.

Arnarás – Garðabæ. 4ra herbergja efrri sérhæð



Glæsileg 111,9 fm. efrri sérhæð á útsýnisstað í Ásahverfinu. Íbúðin er endaíbúð með gluggum í þrjár áttir. Stórar svalir til suðurs og frábært útsýni út á sjóinn, yfir borgina og víðar. Samliggjandi rúmgóðar stofur, tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með vönduðum innréttingum úr kirsuberjavíði. Hiti í tröppum upp að íbúðinni. **Verð 34,9 millj.**



Suðurlholt-Hafnarfirði. 4ra herbergja -laus strax.

Góð 4ra herbergja íbúð á neðri hæð með sérinnngangi. Íbúðin skiptist m.a. í bjarta stofu með útsýni til suðurs. Eldhús með útgengi og garð. 3 rúmgóð herbergi. **Stutt í skóla og leikskóla. Laus til afhendingar strax. Verð 27,9 millj.**



Nesvegur.

183,9 fm. húseign með tveimur íbúðum í vesturbæ Reykjavíkur að meðtöldum 37,5 fm. bílskúr. Eignin skiptist í 81,0 fm 3ja herb. íbúð ásamt 37,5 fm. og í kjallara er 65,4 fm. 3ja herb. íbúð. Suðursvalir út af stofu íbúðar á efrri hæð. Skipt var um þakjárn og pappa nýlega og rafmagnstafla endurnýjuð fyrir sex árum. **Verð 46,9 millj.**

3JA HERB.



Lundur – Fossvogsdalur Kópavogi.

